



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Hugvísindasvið

„Grímur fór til andskotans“

*Samanburður á Göngu-Hrólfis sögu og tvennum
rímum af Göngu-Hrólfí*

Ritgerð til BA-prófs í íslensku

Vignir Árnason

janúar 2013

Háskóli Íslands

Hugvísindasvið

Íslenska

„Grímur fór til andskotans“

Samanburður á Göngu-Hrólfs sögu og tvennum

rímum af Göngu-Hrólf

Ritgerð til BA-prófs í íslensku

Vignir Árnason

Kt.: 030689-2089

Leiðbeinandi: Aðalheiður Guðmundsdóttir

Janúar 2013

Hér verður fjallað um samband fornaldarsagna og rímna með því að gera samanburð á *Göngu-Hrólfs sögu* og tvennum afleiddum rímum frá 19. öld eftir skáldin Hjálmar Jónsson í Bólu og Benedikt Gröndal. Í samanburðinum er einblínt á efnisleg atriði og þær breytingar sem áttu sér stað við yfirfærsluna úr prósatextanum yfir í rímur. Með þessari aðferð má sjá hvor rímnanna liggur nær hinum upprunalega prósatexta, auk þess sem samanburðurinn gæti gefið vísbendingar um þær heimildir sem þeir Hjálmar og Benedikt notuðust við, það er hvort þeir studdust við prentaða gerð eða uppskrift í handriti. Niðurstaða samanburðarins er sú að rímur Benedikts Gröndals eru líkari prósatextanum en rímur Hjálmars. Nokkur munur er þó á prósanum og rímum Benedikts, þannig að ekki er hægt að fullyrða að hann hafi notað prentaða útgáfu sögunnar þegar hann sneri henni í rímur, en ekki er heldur hægt að útiloka það. Þar að auki má sjá áhugaverðan mun á efnistöfum skáldanna og mansöngvum þeirra, sem rekja má til mismunandi reynsluheims og menntunar skáldanna. Þannig má sjá áhrif hefðbundinnar sveitameningar í rímum Hjálmars, en í rímum Benedikts eru meiri áhrif frá Þjóðernisstefnu 19. aldar og erlendum bókmenntum.

Titill ritgerðarinnar er sóttur til *Göngu-Hrólfs rímna* Hjálmars Jónssonar, 18. rímu 72. erindis, þar sem lýst er örlögum Gríms ægis.

Efnisyfirlit:

1. Inngangur	1
2. Rímur og fornaldarsögur: Rannsóknarsaga	2
2.1 Fornaldarsögur Norðurlanda	6
2.2 Rímur	9
3. Göngu-Hrólf's saga	12
3.1 Handrit og varðveisla	15
3.2 Bólu Hjálmar	16
3.2.1 Rímur Bólu-Hjálmars	19
3.3 Benedikt Gröndal	21
3.3.1 Rímur Benedikts Gröndals	24
4. Samanburður	27
4.1 Samanburður prósa og rímnatexta	29
4.2 Samantekt samanburðar og niðurstöður	41
4.3 Samanburður á mansöngvum rímna	43
5. Samantekt og niðurstaða	49
Heimildaskrá	51

1. Inngangur

Í íslensku hefur rannsóknum og athugunum verið beint í sífellt meira mæli að óhefðbundnu rannsóknarefni og útvíkkun hefur orðið í efnistöfum fræðimanna. Þetta hefur meðal annars falið í samanburði á mismunandi efni sem hefur ekki áður verið rannsakað í samhengi. Þetta á til dæmis við um fornaldarsögur og rímur, sem þrátt fyrir að tengjast sterkum böndum, hafa jafnan verið rannsakaðar í sitthvoru lagi.

Í þessari ritgerð verður gerður samanburður á *Göngu-Hrólfs sögu* og tvennum rímum sem byggja á efni hennar, eftir skáldin Hjálmar Jónsson frá Bólu og Benedikt Sveinbjarnarson Gröndal. Samanburður verður gerður á sérstökum efnislegum atriðum í sögunni og rímnagerðum hennar, með því markmiði að draga fram þann mismun sem er að finna á milli textagerðanna og finna út hvor rímnanna er líkari upprunalega prósatextanum. Með þessu móti má koma auga á þær breytingar sem verða eða geta orðið þegar fornaldarsögum – eða jafnvel annars konar sagnaefni – er snúið í rímur. Síðan verður gerður samanburður á mansöngvum rímnanna til að gefa fyllri mynd af hugmyndaheimi skáldanna og hvernig þeir tjá sig í gegnum skáldskapinn.

Vonast er til að samanburðurinn geti gefið okkur góða mynd af þessu ferli og þeim breytingum sem mögulega eru gerðar, ómeðvitað og meðvitað, til þess að skilja betur í hverju þær felast. Til þess að þetta sé mögulegt þarf að gera grein fyrir fornaldarsögum og rímum í víðara og þrengra samhengi, og greina frá þeim skáldum sem sömdu rímurnar. Þetta verður gert í upphafi ritgerðar svo að samanburðurinn verði skýrari og skiljanlegri lesendum.

Í ritgerðinni verður stuðst við grundvallarútgáfur viðkomandi texta, jafnt sem rannsóknir annarra fræðimanna á rímum, fornaldarsögum og öðru efni sem kann að tengjast umfjöllunarefninu hverju sinni. Rannsóknin einkennist í upphafi af sögulegu yfirliti, þá samanburði og að lokum eru rímurnar tengdar íslensku samfélagi 19. aldar.

Ég vil nota tækifærið og þakka fjölskyldu minni þolinmæðina á meðan ég skrifaði ritgerðina, en skrifin tóku sinn tíma. Ég vil líka þakka sérstaklega leiðbeinanda mínum Aðalheiði Guðmundsdóttur fyrir ómælda hjálp og góðar ráðleggingar við skrif ritgerðarinnar.

2. Rímur og fornaldarsögur: Rannsóknarsaga

Í þessum kafla verður farið yfir helstu rannsóknir sem gerðar hafa verið á rímum og fornaldarsögum í stuttu máli og reynt að draga fram það sem skiptir máli fyrir þessa rannsókn. Fyrst verður fjallað um rannsóknir á bókmenntaformunum tveimur í sitthvoru lagi en síðar verður litið til nokkurra fræðimanna sem hafa rannsakað þau sameiginlega. Bókmenntalegar rannsóknir á rímum og fornaldarsögnum hefjast á 20. öld, enda fyrst þá sem bókmenntir verða að viðurkenndu rannsóknarefni innan háskóla. Þar eru rímur og fornaldarsögur engin undantekning.

Grundvallarútgáfa íslenskra rímna er *Rímnasafn* Finns Jónssonar sem kom út í tveimur stórum bindum á árunum 1905–1912 og 1913–1922, en þar tók Finnur saman marga rímnaflokka sem hann skráði eftir skinnhandritum. Auk þess notaðist hann við pappírshandrit þar sem það á við. Í formála 1. bindis skiptir hann rímunum í þrjá flokka: sögulegar rímur (um norræna menn úr Íslendingasögum), goðsagna rímur (um goðin og goðsöguleg efni) og svo norrænar fornaldarrímur (frá fornaldarsögum Norðurlanda) (1905–1912: iii-v).

Í öðru bindi safnsins gaf hann út þær rímur sem hann hafði áður fjallað um í bók sinni um íslenska bókmenntasögu (d. Litteraturhistorie). Hér eru því rímur sem tilheyra flokki fornaldarrímna, síðan eru rímur sem heyra til rómantískra sagna (d. romantiske sagaer) og svo ævintýrarímur. Þetta er því stórt safn og mikilvægt fyrir þá fræðimenn sem rannsökuðu rímur síðar (1913-22: iii).

Árið 1934 kemur út tímamótaverk Björns K. Þórólfssonar, sem er jafnframt doktorsritgerð hans: *Rímur fyrir 1600*. Þar fer Björn yfir uppruna, bragarhætti, skáldamál, yrkisefni og mansöngva miðaldarímna með mikilli nákvæmni. Þá rekur hann jafnframt þróun rímna frá uppruna þeirra í dönsum og dróttkvæðum yfir í sjálfstætt bókmenntaform. Í bókarlokum kemst hann að þeirri niðurstöðu að skáldamáli hafi jafnt og þétt farið hnignandi, sem hann telur neikvætt, en jákvætt þykir honum að skáldin hafi fjarlægst þann mikla dýrleika sem fyrirfannst í skáldamáli dróttkvæða og því hafi rímur orðið skiljanlegri venjulegu fólki fyrir vikið (Björn K. Þórólfsson, 1934: v-vi og 516-518).

Ekki má láta hjá líða að minnst á *Rímnatal* Finns Sigmundssonar, en þar tekur

hann saman skrá yfir rúmlega 1050 rímnaflokk, en þar af eru 270 rímur sem eru stakar og svo eru nokkur rímnaþrot. Hann telur líka til um 300 rímnaflokk sem talið er að hafi verið ortir, en hafa ekki varðveist eða fundist. *Rímnatal* Finns er því mikilvæg heimild um þann mikla fjölda sem til er af rímum og hefur auðveldað aðgengi að rímum sem ekki voru til á prenti (1966: v-vi).

Í *Íslenskri bókmenntasögu* er að finna góða umfjöllun um rímur. Þar fjallar Vésteinn Ólason um uppruna þeirra, bragfræði og frásagnaraðferð skáldanna ásamt því að fjalla um einstakar rímur og rímnaflokk. Hann minnst jafnframt á *kapparímur*, en hefur ekki pláss í kaflanum til að gera þessum stóra flokki rímna viðhlítandi skil. Umfjöllun hans er góð viðbót við þau rit sem áður hafa verið nefnd (1993: 322, 324, 330, 333 og 342-343).

Að lokum vil ég nefna grein Sverris Tómassonar í *Ritinu* sem nefnist: „Hlutverk rímna í íslensku samfélagi á síðari hluta miðalda“. Þar fjallar Sverrir fyrst almennt um rímur, um form og skáldamál rímanna, en beinir síðan sjónum að flutningi þeirra og hlutverki í íslensku samfélagi. Hann skrifar líka um helstu handrit miðaldarímna og aldur þeirra. Hann fer síðan yfir nokkrar rímur sem er að finna í þessum handritum og greinir frá efni þeirra (2005: 77-90).

Sverrir kemst að þeirri niðurstöðu að rímur hafi verið fluttar á mannamótum og að ýmist hafi verið dansað eða leikið eftir þeim. Þær hafa líka verið lesnar upp í hópi eða einrúmi. Sverrir dregur þá ályktun af heimildum sínum að síðar hafi flutningur rímna breyst og að rímur hafi ýmist verið lesnar upp eða kveðnar eftir siðbótina vegna áhrifa frá lútersku kirkjunni. Í greininni er því að finna áhugaverðar vangaveltur um flutning rímna, sem eins og gefur að skilja er erfitt að rannsaka svo langt aftur í tímann (2005: 93-94). Nokkrar fleiri rannsóknir hafa verið gerðar á íslenskum rímum, þótt ekki verði stuðst við þær að þessu sinni.

Í fyrstu umfjöllunum um fornaldarsögur og riddarasögur var sjónum jafnan beint að skemmtanagildi sagnanna en síður að fræðslugildi þeirra, auk þess sem sannleiksgildi þeirra var dregið í efa. Þannig er þessum sögum lýst í bókinni *Sagnaskemmtun Íslendinga*, en þar er lögð áhersla á að skemmtanagildi þeirra hafi verið sá mælikvarði sem sögurnar voru lagðar við, en hlutir eins og söguleg sannindi hafi skipt minna máli (Hermann Pálsson, 1962: 157-158, 160).

Í rannsóknnum á íslenskum miðaldabókmenntum kom fljótlega í ljós sú skoðun manna að ritun fornaldarsagna hafi markað upphafið að hnignun bókmenntahefðarinnar, en það er sú skoðun sem Einar Ól. Sveinsson tekur undir í bók sinni *Ritunartími Íslendingasagna*. Þar vill hann rekja ritun fornaldarsagna til aukinnar veruleikafirringar og veruleikaflótta Íslendinga á 13. öld, sem þá virðast hafa meiri áhuga á ritun texta sem eru óraunsærri en Íslendingasögurnar og þar af leiðandi verri bókmenntir, samkvæmt Einari. Um leið eykst áhugi á göldrum og yfirnáttúrulegu efni sem dregur úr raunsæi textanna (1965: 161-163).

Á síðari árum hafa menn rannsakað fornaldarsögur út frá mismunandi sjónarhornum. Í því samhengi má nefna ritgerð Sigurðar Jóns Ólafssonar: *Að brynna fola í vinkeldu*, þar sem hann fjallar um erótík í fornaldar- og riddarasögum. Hann kemst að þeirri niðurstöðu að í fimm fornaldarsögum og sjö riddarasögum sé að finna dæmi um erótík. Hann tekur þó jafnframt fram að birtingarmyndir þessarar erótíkur séu jafn mismunandi og þær eru margar. Það sem helst einkennir þessar lýsingar eru hugmyndaauðgi, fjölbreytni og kátlegar lýsingar eins og kemur fram í lokaorðum Sigurðar (2009: 46-47).

Í *Íslenskri bókmenntasögu* fjallar Torfi H. Tulinius um fornaldarsögur og riddarasögur undir sama hatti, þar sem hann telur líkindi þessara tveggja bókmenntaforma vera meiri en minni. Í kaflanum fjallar hann meðal annars um aldur fornaldarsagna, veltir fyrir sér hvort sögurnar hafi varðveitst í munnlegri geymd áður en þær voru skráðar niður og síðan talar hann um hvenær ritun þeirra er talin hefjast. Nánar verður fjallað um kenningar Torfa í kafla 2.1. (Torfi H. Tulinius. 1993: 167-168, 173, 176, 179).

Á allra síðustu árum hafa verið haldnar þrjár ráðstefnur um fornaldarsögur; sú fyrsta átti sér stað í Uppsölum í Svíþjóð árið 2001 (*Fornaldarsagornas struktur och ideologi*), önnur var haldin í Kaupmannahöfn árið 2005 (*Fornaldarsagaerne: Myter og virkelighed*) og sú þriðja í Reykjavík árið 2009 (*Fornaldarsögur Norðurlanda: Uppruni og þróun*). Þessar ráðstefnur voru fyrst og fremst haldnar til að vekja áhuga fólks á fornaldarsögum og rannsóknnum á þeim, sem hafði farið dvínandi. Það ætlunarverk virðist hafa tekist, þar sem ritstjórar þeirra greinasafn sem komu út í kjölfarið hafa orðið varir við ört vaxandi áhuga á rannsóknnum fornaldarsagna (Lassen og fl. 2012: 15-16). Næst skulum við líta á rannsóknir þar sem fjallað er um rímur og fornaldarsögur í sameiningu.

Fyrst ber að nefna doktorsritgerð Aðalheiðar Guðmundsdóttur um *Úlfhams sögu* þar sem hún ber saman mismunandi gerðir prósa og rímnatexta til þess að komast að því hvernig þessir textar tengjast innbyrðis. Prósatextarnir eru skráðir niður á 17., 18. og 19. öld, en rímurnar eru mun eldri og eru varðveittar í handriti frá 16. öld þótt þær séu líklega enn eldri, eða frá 14. öld. Því er líklegt að þær hafi verið ortar eftir glataðri fornaldarsögu og reynir Aðalheiður að sýna fram á það í ritgerð sinni. Hún gerir því nokkuð ítarlegan samanburð á textunum, bæði rímnatextunum innbyrðis og svo milli mismunandi bókmenntaforma. Þar að auki rannsakar hún söguna í bókmennta- og þjóðsagnafræðilegu samhengi, og fjallar um margskonar minni sem er að finna í *Úlfhams sögu* (2001: xiii, clxv-clxvii).

Í bók sinni *The Unwashed Children of Eve* fjallar Matthew Driscoll almennt um veraldlegan skáldskap eftir siðaskipti. Þar fjallar hann meðal annars um fornaldarsögur og riddarasögur og náð samband þeirra við rímur, enda voru margar rímur skrifaðar upp eftir eldri sögum. Hann minnst líka á að sumar rímur virðast hafa verið skrifaðar upp eftir prósatextum sem nú eru glataðir (Driscoll, 1997: 10-11).

Í grein í *Griplu* fjallar Peter A. Jorgensen um flókið samband rímna og prósatexta þar sem hann telur upp mörg dæmi þess að rímur séu skrifaðar eftir eldri prósatexta og jafnframt dæmi um að prósatextar séu skrifaðir eftir eldri rímum. Ennfremur finnur hann dæmi þess að efni mansöngva sé að finna í upphafi prósatexta sem skrifaður er eftir rímum, en mansöngvar finnast venjulega bara í rímnaskáldskap, eins og fjallað verður um í kafla 2.2. Jorgensen greinir síðan *Jónatas sögu* eftir ákveðnum formlegum einkennum og ber saman við *Jónatas rímur*. Hann kemst að þeirri niðurstöðu að prósatextinn sé ekki bein endurskrif á rímunni, heldur breytist sagan í meðferð skrifarans; meðal annars endursegir skrifarinn þriðju og síðustu rímuna af meiri nákvæmni en fyrstu tvær rímurnar. Grein Jorgensen sýnir vel þau tækifæri sem liggja í því að skoða og bera saman rímnatexta og rómönsur (Jorgensen, 1990: 192, 200-201).

Síðast en ekki síst vil ég nefna grein Hans Kuhn um Þórð hreðu í sögum og rímum. Þar fjallar Kuhn um söguna og birtingarmyndir hennar í tveim rímnaflokkum frá 19. öld eftir þá Sigurð Breiðfjörð og Hallgrím Jónsson. Hann fer nokkuð ítarlega yfir söguþráð sögunnar og gerir síðan samanburð á rímunum og ber saman lengd, nákvæmni rímnaskáldanna og svo hversu vel rímnaskáldið fylgir söguþræði upprunalega prósatextans.

Hann kemst meðal annars að þeirri niðurstöðu að rímur Hallgríms séu lengri og fylgi betur sögubræði prósatextans en rímur Sigurðar. Hallgrímur er líka að jafnaði ítarlegri í lýsingum sínum á einstökum atriðum (Kuhn, 2006: 524-527).

Að lokum bendir Kuhn í niðurstöðukafla sínum á það að rímahefðin hafi að stórum hluta verið munnleg hefð þar sem flutningur rímnanna var í aðalhlutverki og hafði skáldið eða flytjandinn þar svigrúm til að hnika til orðum og gerast skáldlegur með textann í flutningi sínum. Þannig telur hann að flutningurinn hafi ekki verið festur á blað, heldur lifandi og tekið sífelldum breytingum (Kuhn, 2006: 531).

2.1 Fornaldarsögur Norðurlanda

Fornaldarsögur Norðurlanda er flokkur sagna sem þykja með meiri ævintýrabrag en flestar aðrar bókmenntir sem skráðar voru á miðöldum. Í þessum kafla verður farið yfir uppruna fornaldarsagna og tengsl þeirra við riddarasögur og rímur. Að lokum verður svo farið yfir þróun þeirra.

Ritun fornaldarsagna er talin hefjast á bilinu 1150-1260, en venjulega eiga sögurnar að lýsa aðstæðum og persónum sem eiga að hafa verið uppi mun fyrr. Margir fræðimenn hafa viljað tengja upphaf ritunar þeirra við aðrar tegundir sagna, og í þessu samhengi eru konungasögur oftast nefndar. Helstu rökinn fyrir þeirri skoðun eru þau að fyrstu fornaldarsögurnar voru ritaðar um forsögulega norræna konunga. Í þessu samhengi er *Skjöldunga saga* oft nefnd en það var fyrsta sagan skrifuð á Íslandi, sem fjallaði um sögu norrænna konunga fyrir landnám landsins (Torfi H. Tulinius, 1993: 169, 176, 179- 180).

Í *Skjöldunga sögu* eru nefndir konungar eins og Hrólfur kraki og Ragnar loðbrók, en um þá er fjallað í öðrum fornaldarsögum. Í umfjöllun sinni í *Íslenskri bókmenntasögu* vill Torfi H. Tulinius þó gera greinarmun á „eldri“ fornaldarsögum og „yngri“, en um þær yngri fjallar hann í tengslum við frumsamdar riddarasögur. Þessar „eldri“ sögur nefnir hann jafnframt hetjusögur en hinar ævintýrasögur. Hetjusögurnar eru líklegri til að tengjast ritun konungasagna og megin munur er á þessum tveim aldurslögum. Munurinn liggur meðal annars í því að eldri sögurnar fjalla allar um eldri hetjur úr fornöld og eru harmþrungnari en

ýngri sögurnar. Ástæðu þessa má rekja til þess að sögurnar „byggja allar á kveðskap sem er eldri en sögurnar sjálfar“ (1993: 180, 188).

Í gegnum tíðina hefur verið hefð fyrir því að flokka fornaldarsögur í þrjá flokka: hetjusögur (þ. *Heldensagas*), víkingasögur (þ. *Wikingersagas*) og svo ævintýrasögur (þ. *Abenteuersagas*), þar sem hetjusögurnar eru taldar sækja mikið til eldri arfsagna um hetjur og gamalla sagna, á meðan víkingasögur eru fjarlægri þessum gamla arfi og eru meira undir áhrifum rómansa (Driscoll, 2003: 257). Ævintýrasögurnar eru sá „undirflokkur“ sagnanna sem er hvað líkastur riddarasögnum, og vill Driscoll meina að eini munurinn á ævintýralegru fornaldarsögu og frumsamdri riddarasögu sé sá að staðsetning saganna sé mismunandi. Þá deili þessir tveir bókmenntaflokkar jafnframt svipaðri formgerð og svipuðum minnum, og af þeirri ástæðu hafi þeir oft verið taldir smekklús afleiðuskáldskapur og án nokkurra listrænna verðleika (Ibid.: 257). Aðalheiður Guðmundsdóttir er þessu ekki fyllilega sammála og nefnir meðal annars að svo virðist sem flestar fornaldarsögur sækji í sameiginlegan sagnaheim og því tengist persónur í þessum sögum oft innbyrðis; meðal riddarasagna er þessu ólíkt farið því að þótt þær deili ákveðnum minnaforða, eru persónur sagnanna jafnan ótengdar sín á milli (2001: cli).

Torfi H. Tulinius vill rekja uppruna þeirra fornaldarsagna sem hann flokkar sem „ýngri“ sögur til þýðdra riddarasagna og sambærilegrar hefðar rómansa sunnar í Evrópu, sem barst hingað til lands. Þýddu riddarasögurnar voru þýddar úr málum eins og frönsku, þýsku og latínu og eru flestar frá 12. öld. Dæmi um þetta eru sögur eins og *Trójumannasaga* sem var þýdd úr latínu og *Breta sögur* sem voru þýddar úr riti Geoffrey frá Monmouth, *Historia de regum Britanniae*. Upp úr þessum tvöfalda brunni „eldri“ fornaldarsagna og þýðdra riddarasagna kemur svo fram, að mati Torfa, íslenska rómansan, en í umfjöllun sinni flokkar hann það sem mætti kalla ævintýrafornaldarsögur og frumsamdar riddarasögur saman (1993: 195, 218).

Ástæða þess að Torfi flokkar sögurnar saman með þessum hætti er sú að hann telur að þessar tvær bókmenntagreinar séu í raun afsprengi evrópskrar rómönsu hefðar. Rök hans fyrir þessari fullyrðingu eru til dæmis þau að bæði frumsamdar riddarasögur og fornaldarsögur hafa á sér ævintýralegan blæ. Í þeim sögum þar sem raunveruleikinn og yfirnáttúruleg efni fléttast saman, koma galdrar eða yfirnáttúrulegar verur og aðrir óútskýrðir atburðir gjarnan við sögu, oftar en ekki í þeim tilgangi að hjálpa

aðalsöguhetjuni. Auk þess hafa þessar sögur oft sömu byggingu og hefðbundnar rómönsusögur (Ibid.: 220, 224).

Það eru skiptar skoðanir um flokkun Torfa, eins og kemur fram í inngangi Aðalheiðar Guðmundsdóttur í *Úlfhams sögu*, en hún telur helsta galla þessarar flokkunar vera þann að hugtakið rómansa, eins og það kemur fyrir í evrópskum bókmenntum, er það vítt að innan þess gætu auðveldlega rúmast yngri Íslendingasögur og jafnvel sumar konungasögur líka. Slík flokkun væri einfaldlega of yfirgripsmikil og lítt til þess fallin að auðvelda greiningu þessara bókmennta, sem fyrst og fremst miðast við að flokka þær niður til þess að greina frá efni þeirra og eðli (Aðalheiður Guðmundsdóttir, 2001: cl-cli). Í þessari ritgerð verður notast við hina hefðbundnu skiptingu í fornaldarsögur og riddarasögur, einkum vegna þess að umræðan um flokkun bókmenntagreinanna skiptir litlu máli fyrir samanburð þeirrar fornaldarsögu sem hér er til athugunar og rímnanna.

Helstu persónurnar sem koma fyrir í fornaldarsögum eru konungar, höfðingjar og börn þeirra. Konungssynir fá góða kennslu og fara í víking, konungsdæturnar eru fallegar og eftirsóknarverðar, en fegurð þeirra leiðir stundum til stríðs. Auk þess koma fyrir berserkir, sem eru ofbeldisfullir og stunda ósiðsamlega iðju eins og að drekka blóð og éta hrátt kjöt; ásamt þeim koma líka fyrir fjölkunnungar persónur eins og dvergar sem smíða yfirnáttúrulega gripir og í sumum sögum spila norrænir guðir hlutverk í frásögninni (Ármann Jakobsson, Lassen og Ney, 2003: 10-11).

Umfjöllunarefni fornaldarsagna eru mörg en fylgja ákveðnum línunum. Hver saga fjallar venjulega um ákveðna hetju, en þeim má skipta í tvo meginflokka: hina dæmigerðu rómönsuhetju og síðan andstæðu þeirrar hetju. Hin dæmigerða hetja er venjulega af góðum ættum, fögur ásýndar og drenglynd. Hún ber ástarhug til kvenna og þær endurgjalda þá ást. Hin andstæða hetja er hinsvegar oftast ekki fögur, ekki af höfðingjaættum og frekar komin af bændum. Því er samband hennar nánara við náttúruna og við móður sína frekar en föður, en þessar hetjur eru oft kolbítar í æsku og því ekki taldar mikil karlmenni (Torfi H. Tulinius, 1993: 226).

Það sem rekur þessar hetjur á vit ævintýranna er oftast en ekki leit, til dæmis að frægð og frama, eða þá að hetjan er gerð útlæg úr sínum heimagarði þannig að hún á ekki annars kost en að freista gæfunnar. Þar að auki getur peningaskortur orsakað það að hetjan fer á flakk (Ibid. 229-230). Að lokum getur leit að ást og brúði (konuleit) orsakað það að

hetjan fer að heiman, og sérstakur flokkur slíkra sagna fjallar um svokallaða meykónga sem eru ógiftar konur sem stýra eigin ríki. Hetjan reynir þá að biðja meykóngsins en fær fyrst höfnun og lendir í hrakningum áður en hún nær að plata meykónginn til lags við sig (Kalinke, 1990: 66).

Fornaldarsögur hafa alla tíð átt í nánú sambandi við rímur, en langflestar rímur sækja efni sitt annað hvort til fornaldarsagna eða frumsaminnna riddarasagna. Söguþráður sagnanna var þannig „endurnýttur“ og snúið yfir í rímur. Síðan eru líka til dæmi þess að texti í óbundnu máli hafi verið skrifaður eftir rímum, sérstaklega þegar fólk hafði ekki aðgang að upprunalega textanum eða ef hann var þegar glataður (Driscoll, 1997: 10-13).

Fornaldarsagan hélt lengi vel vinsældum sínum meðal Íslendinga, sem verður meðal annars séð af þeim mikla fjölda handrita sem eru varðveitt af fornaldarsögum, en flest þeirra eru pappírshandrit frá 18. og 19. öld. Um helmingur sagnanna er varðveittur í um og yfir 50 handritum, sem er fjöldi sem einungis fáar Íslendingasögur geta státað af, en einungis *Njála*, *Grettla* og *Hrafnkatla* ná slíkum fjölda. Einu fornaldarsögurnar sem ekki eru varðveittar í slíkum fjölda handrita, eru styttri þættir varðveittir í *Flateyjarbók* og *Hauksbók*, en það má hvort eð er deila um hvort þeir heyri yfir höfuð til fornaldarsagna (Driscoll, 2003: 258).

Á Íslandi þóttu fornaldarsögur og riddarasögur lengi vel lítilsverðar bókmenntir og því voru þær ekki álitnar þess verðar að rannsaka þær sérstaklega, en það hefur þó breyst á síðustu árum eftir því sem útvíkkun hefur orðið á rannsóknarefni fræðimanna (Torfi H. Tulinius, 1993: 223).

2.2 Rímur

Í þessum kafla verður fjallað um rímur, uppruna þeirra sem og form og stíl. Síðan verður litið yfir þróun þeirra í aldanna rás.

Samkvæmt því sem Björn K. Þórolfsson segir í bók sinni *Rímur fyrir 1600* má rekja uppruna rímna til tveggja eldri bókmenntaforma, eða dansa og dróttkvæða. Skáldamál rímnanna telur hann hinsvegar að sé „alt eftir dróttkvæðum tekið“ (1934: 35). Vésteinn

Ólason er ekki alveg sammála þessari túlkun Björns í umfjöllun sinni í *Íslenskri bókmenntasögu* og bendir á líkindin sem eru með rímum og því sem hann kallar *rímaðar rómönsur* (e. metrical romances) sem finnast meðal nálægra þjóða. Vésteinn telur líklegt að þessi kveðskapur, sem var ekki bundin við hirð eða efri stéttir, hafi borist hingað til lands með Íslendingum sem höfðu dvalist erlendis. Máli sínu til stuðnings bendir hann á að orð, sömu rótar og *ríma*, finnist í erlendum málum sem voru notuð um rímuð kvæði, en dæmi um þetta eru orð eins og 'rime' (franska) og 'rima' (spænska). Það má því leiða líkum að því að hefð rímnakveðskapar berist hingað frá útlöndum, en síðan hafi dróttkvæði og skáldamál sett mark sitt á rímur. Auk þess er ekki hægt að útiloka að sagnadansar hafi líka haft sín áhrif, en þau verði að teljast minni en Björn taldi (Vésteinn Ólason, 1993: 333-334).

Elstu rímur telur Björn vera *Sörlarímur* sem er að finna í Staðarhólsbók og *Ólafs rímu Haraldssonar*, sem er í Flateyjarbók sem Björn telur skrifaða að mestum hluta fyrir 1390-1395; Flateyjarbók er nú almennt talin rituð niður á bilinu 1387–94. Út frá *Flateyjarbók* er hægt að tímasetja uppruna elstu rímna til 14. aldar (1934: 294-298).

Dansar eru taldir berast til Íslands frá suðlægari löndum, en í fornum heimildum merkir orðið ýmist þá athöfn að dansa eða kvæði sem flutt voru við dansinn og eru heimildir um dans frá því snemma á 12. öld. Sérstaklega eru áhugaverðir þeir dansar sem nefndir eru frásögu- eða sagnadansar sem voru vinsælir á 13. og 14. öld, og hafa að geyma ákveðna frásögn. Þeir voru oft ortir um samtímaatburði en líka um liðna atburði eða upp úr fornum sögnum. Þetta líkist vissulega rímum sem oft eru samdar upp úr eldri sögnum og greina ávallt frá einhverri frásögn (Ibid.: 40-41, 44).

Þegar dansar berast til Íslands, vill Björn meina að einhvers konar samruni hafi orðið þar sem ferkvæður háttur dansa var tekinn upp í nýrri gerð „dróttkvæða“, sem nýtti flókið skáldamál gömlu kvæðanna en var einfaldara hvað varðar bragarhátt; því var hægara um vik að semja löng frásagnarljóð í þessari gerð dróttkvæða. Þannig telur Björn að rímur verði til sem ein grein dróttkvæða, sem síðar þróast áfram sjálfstætt, á meðan dróttkvæður kveðskapur tapar vinsældum sínum og leggst að lokum af (Ibid.: 45-46). Vésteinn Ólason er ekki sammála þessu og bendir á að þrátt fyrir að það séu ákveðin líkindi milli sagnadansa og rímna, þá telur hann að form og frásagnaraðferð sagnadansa séu svo frábrugðin rímunum að ólíklegt verði að teljast að samrunakenning Björns sé rétt. Þess í stað bendir

Vésteinn á rætur rímna í þýskum og enskum rímuðum frásagnarkveðskap, því að ýmis einkenni eru þeim sameiginleg (1993: 334-335).

Eitt af því sem hefur einkennt rímur allt frá því að þær komu fram á sjónarsviðið og fram á okkar daga, er form þeirra og stíll sem hefur viðhaldist nokkuð óbreytt í gegnum tíðina þó að nokkur þróun hafi átt sér stað. Fyrst ber að nefna bragarhættina, en eins og áður sagði er ferskeyttur háttur líklegast kominn frá miðenskum kveðskap. Sá háttur hefur því líklega verið fyrsti hátturinn sem menn notuðust við, en síðan hafa bæst við fleiri hættir, eins og til dæmis *úrkast*, ásamt þríkvæðum og tvíkvæðum háttum á borð við *braghendingu*, *stuðlafall* og *afhendingu* (Björn K. Þórólfsson, 1934: 51-54).

Annað einkenni á frásagnarhætti rímna eru heiti og kenningar sem eru hluti af því skáldamáli sem rímur hafa frá dróttkvæðum. Heiti eru skáldleg orð sem rímnaskáld nota yfir hverdagslega hluti sem tengjast fólki, hlutum og öðru. Sum heiti finnast líka í þulum en önnur orð hafa skáldin fengið beint úr dróttkvæðum. Kenningar eru samsett orðasambönd sem tákna ákveðinn hlut, fyrirbæri eða manneskju í skáldamáli rímnaskáldanna og eru þau aðallega sótt í dróttkvæði og Eddukvæði, og eiga sér því stundum uppruna í goðsögum (Ibid.: 86 og 88).

Þegar á leið bættist við nýjung í skáldamáli rímnanna, en það voru hinar svokölluðu nafnorðsaukningar en það eru eignarfallssambönd tveggja nafnorða; orðin er ólík kenningum að því leyti að sleppa má stýriorðinu eða breyta því. Svo dæmi sé tekið þá er merking nafnorðsaukningarinnar *hryggðar klútur*, sú sama og sagt væri *hryggð*. Eins er hægt að breyta stýriorðinu og segja *hryggðar raf* eða *hryggðar band* (Ibid.: 204-205).

Annað einkenni rímna var *mansöngur*, en nánast samfleytt frá upphafi rímnakveðskapar hefur verið hefð fyrir persónulegum kveðskap í upphafi rímu. Heitið er dregið af *man* (kona), enda er oft um að ræða einskonar ástarkveðskap karlmanns til konu eða um konu. Minna er þó um mansöngva í allra elstu rímum en margt bendir til þess að rímur með mansöng hafi þótt betri og því hefur þessi siður haldist alla tíð síðan (Ibid.: 256, 258).

Auk þess að vera ávarp til kvenna voru mansöngvar tækifæri skáldanna til að vera persónuleg og segja frá sínum eigin hugðarefnum. Þannig eru mansöngvar líka oft eina tækifæri þeirra til að vera frumleg enda voru rímurnar unnar upp úr eldri sögum en aldrei frumsamdar, að því að talið er. Þannig geta skáldin sýnt fram á skoðanir sínar í sumum

tilvikum, en í öðrum tilvikum eru mansöngvarnir endurtekin minni sem klifað hefur verið á margoft áður. Í þeim tilvikum er ekki um að ræða persónulegar skoðanir skáldanna sjálfra (Vésteinn Ólason. 1993: 330).

Í næsta kafla verður farið yfir efni og einkenni *Göngu-Hrólfs sögu*, sem er aðalumfjöllunarefni þessarar ritgerðar og ein þeirra sagna sem snúið var í rímur.

3. Göngu-Hrólfs saga

Göngu-Hrólfs saga er venjulega talin til fornaldarsagna og var fyrst gefin út af C. C. Rafn í *Fornaldar Sögur Norðurlanda* í Kaupmannahöfn, árið 1829. Síðar var sagan m.a. gefin út í *Fornaldar sögur Norðurlanda*, í útgáfu Guðna Jónssonar frá 1954. Sagan myndi væntanlega flokkast sem ævintýrasaga sé miðað við þá þrískippingu sem fjallað var um í kafla 2.1, þar sem sagan deilir almennum einkennum þeirra sagna. Ekki er getið um höfund *Göngu-Hrólfs sögu*, fremur en annarra fornaldarsagna, en höfundur kemur þó stundum með innskot í textann. Í þessum kafla verður farið yfir fyrri rannsóknir á sögunni og greint frá söguþræði, auk þess sem fjallað verður um helstu persónur hennar.

Flestar söguhetjur eru kynntar í upphafi sögunnar líkt og konungarnir Hreggviður og Eirekur. Frásögnin hefst í Garðaríki þar sem Hreggviður konungur ræður ríkjum. Honum er lýst sem sterkum bardagamanni og vitrum. Hann er sagður eiga drottningu sem er ekki nafngreind og svo líka eina dóttur sem heitir Ingigerður. Henni er lýst sem afar fagurri konu, ásamt því að hún er talin vitur og málsnjöll. Síðan er sagt frá andstæðingum konungs en það eru Eirekur konungur og bandamenn hans. Eireki er lýst sem sterkum og stórgerðum manni sem er líka mikill hermaður. Síðan eru kappar Eireks kynntir til sögunnar, en mikilvægastir þeirra eru Sörkvir sem er sagður góður burtreiðarmaður og Grímur ægir. Grími er lýst sem einstaklega illum og göldróttum, og þar að auki á hann að borða hrátt kjöt og drekka blóð úr mönnum og kvikfénaði. Eirekur ræðst á ríki Hreggviðs og drepur hann og nær völdum í ríkinu, sem er kveikjan að síðari atburðum (*Göngu-Hrólfs saga*, 1954: 163-170).

Nú viku sögunni til Noregs þar sem sagt er frá aðalsöguhetjunninu Hrólfi Sturlaugssyni, en hann er sonur Sturlaugs hins starfssama, sem er konungur Hringaríkis. Hrólfi er lýst sem sterkum og svo þungum að enginn hestur getur borið hann í heilan dag. Auk þess er honum lítt gefið um annað fólk eða skemmtanir, nema þegar kemur að burtreiðum. Þrátt fyrir hæfileika á sviði burtreiða er honum lýst sem lítt vopnfimum og segir sagan að hann beri ekki vopn. Aðrar persónur er kynntar þegar þær koma fram í frásögninni. Sumar þeirra eru í meginhlutverkum eins og Þorgnýr jarl á Jótlandi og Björn ráðgjafi hans. Aðrar persónur eru aukapersónur, en sumar persónur virðast við fyrstu sýn vera aukapersónur en síðar kemur í ljós að hluverk þeirra er stærra. Dæmi um þetta eru Hrafn og Kráki sem koma fyrst við sögu hjá Þorgný jarl, en birtast aftur í síðari hluta sögunnar þegar þeir hjálpa Hrólfi í orrustu; eftir orrustuna kemur í ljós að raunveruleg nöfn þeirra eru Haraldur og Sigurður og eru þeir konungbornir (Ibid.: 173-174, 176, 267-268).

Eftir þetta fylgir sagan að mestu leyti ferðum Hrólfs þar sem hann fer frá Noregi og lendir í ýmsum ævintýrum á leið sinni. Hann gerist meðal annars landvarnarmaður Þorgnýs og býður sig síðan fram í hættuför til að ná Ingigerði, dóttur Hreggviðs, fyrir jarlinn. Á leið sinni neyðist hann til að gerast þjónn Vilhjálms nokkurs, eftir að hinn síðarnefndi platar hann og hótar honum lífláti. Síðar í ferð sinni þarf hann að beita kröftum sínum til þess að leysa þær þrautir sem hann tekst á við, en nýtur líka töfragripa eins og kápna sem hann fær frá móður sinni, vopna Hreggviðs sem hann sækir í haug hans og annarra yfirnáttúrulegra hluta. Eftir að Hrólfi hefur leyst ýmsar þrautir nær hann Ingigerði og flýr með hana til Danmerkur. Óvinur Hrólfs, Vilhjálmur, eltir hann þó og nær að plata hann í annað sinn með þeim afleiðingum að Hrólfi missir fæturna (Ibid.: 175-225).

Á meðan þessu fer fram hefur aðkomumaðurinn Möndull náð að koma Birni ráðgjafa í ónáð jarls með því að koma á hann sök beltisstuldar og hefur Möndull hneppt Björn í þrældóm. Hrólfi nær að klöngrast fótalaus upp á Dúlcefal, hest Hreggviðs, og heldur áfram ferð sinni þar til hann kemur heim til Björns, og yfirbugar Möndul. Hann fær fæturna grædda á sig aftur af Möndli og leiðréttir lygar Vilhjálms, sem hlýtur skelfilegan dauðdaga hjá hirð jarlsins. Eftir aftöku Vilhjálms, hættir Hrólfi að ferðast einn og tekur þátt í orrustum, fyrst í Garðaríki, þar sem hann fer með sigur á Eireki og bandamönnum hans. Þar nýtur hann þó aðstoðar frá Hreggviði og Möndli, sem nú hefur tekið á sig sína réttu mynd sem dvergur (Ibid.: 220-267).

Með þessu lýkur þó ekki hernaði Hrólfs, því að eftir orrustuna í Garðaríki, kemur Hrafn fram og segir sögu sína, en hann heitir í raun Haraldur en Kráki var í raun Sigurður bróðir hans, en hann féll í orrustunni í Garðaríki. Faðir þeirra bræðra var konungur á Englandi, sem var felldur í orrustu og missti ríki sitt. Því þurftu þeir bræður að ferðast um undir dulnefnunum Hrafn og Kráki. Hrólfr lofar því að hjálpa Haraldi að endurheimta ríki þeirra á Englandi. Í orrustunni um Ásatún á Englandi hafa Hrólfr og menn hans loks sigur, þrátt fyrir að göldrum hafi verið beitt gegn þeim. Eftir að allt er fallið í ljúfa löð er kominn tími fyrir brúðkaup Hrólfs og kappa hans sem minna helst á veislur riddarasagnanna, slíkur er íburðurinn. Í sögulok er svo skýrt er frá endalokum Hrólfs og afkomendum hans (Ibid.: 267-280).

Nokkuð er um innskot og mismunandi frásagnarþræði í sögunni, en þeir þjóna flestir þeim tilgangi að skýra þá atburði sem síðar eiga sér stað og að lokum sameinast þeir aðalfrásögninni þar sem Hrólfr er í meginhlutverki. Sagan fylgir líka því grundvallarlögmáli ævintýralegra fornaldarsagna og riddarasagna að hún endar vel. Eins og kom fram í kafla 2.1 enda flestar ævintýrasögur vel, þar sem aðalsöguhetjan fær prinsessuna og ríkið en það er einmitt hlutskipti Hrólfs í lok sögunnar. Sagan fellur því nokkuð vel að hefðbundnu mynstri yngri fornaldarsagna.

Nokkrir fræðimenn hafa fjallað um *Göngu-Hrólfs sögu* sérstaklega. Einn þeirra er Davíð Erlingsson, en í grein hans „Fótaleysi Göngumanns“ fjallar hann um söguna með því að nota freudíska greiningu; hann setur jafnframt fram frumdrög að tillögu til táknegrar túlkunar á aðalsöguhetjunum, Hrólfi og Ingigerði, dóttur Hreggviðs. Hann fjallar þar að auki um nokkrar aukapersónur sögunnar, eins og Vilhjálmm, Möndul og Dúlcifal. Hann kemst að þeirri niðurstöðu að aðalsögupersónur sögunnar séu í raun tvær, eða Hrólfr og Ingigerður, og að þau séu hvort um sig hnoss hvers annars því að þau þarfnast hvers annars til að ná markmiðum sínum (Davíð Erlingsson, 1996: 340, 350-354 og 356).

Í annarri grein sem ber heitið „Hreggviðr’s revenge“ fjallar John D. Martin um galdra í *Göngu-Hrólfs sögu*, og þá sérstaklega það sérstaka hlutverk sem Hreggviður konungur öðlast í sögunni. Hreggviður beitir sér meira sem dauður maður en flestir aðrir látnir menn í miðaldabókmenntum, en hann hefur bein áhrif á framgang sögunnar og hjálpar Hrólfi til þess að ná sínu fram. Andstæðingar Hreggviðs og Hrólfs beita líka göldrum til þess að koma í veg fyrir áform Hreggviðs, en hann nær að sigrast á þeim þannig

að Hrólfr nær að ljúka ætlunarverki sínu. Þannig virðist líka atburðarásin stjórnast af Hreggviði og Grím-Ægi, fremur en aðalsögupersónu hennar, Hrólfi. Martin fjallar líka um þátt Mönduls í sögunni, sem vinnur upphaflega gegn Birni ráðgjafa en hjálpar Hrólfi síðar. Martin kemst að þeirri niðurstöðu að sagan lýsi ekki bara sambandi á milli raunveruleikans og þess yfirnáttúrulega, heldur sé líka falin gagnrýni á veraldlegan metnað í sögunni sem sést á því að þeim sem eru metnaðarfullir, er refsað (1998: 313-322).

Ekki verður farið nánar í einkenni *Göngu-Hrólfs sögu*, því að líkt og fyrr segir er takmarkað gagn af bókmenntalegri greiningu sögunnar fyrir þann samanburð og þá umræðu sem hér fer á eftir. Í næsta kafla verður hins vegar fjallað um handritageymd sögunnar.

3.1 Handrit og varðveisla

Göngu-Hrólfs saga er varðveitt í fjöldamörgum handritum; handrit og handritabrot sem innihalda söguna eru að minnsta kosti 68 talsins, samkvæmt upplýsingum frá Matthew Driscoll árið 2003, en þá taldi hann reyndar að þau gætu verið fleiri. Fleiri handrit gæti til að mynda verið að finna í handrita- og skjalasöfnum, þar sem öll handrit hafa ekki verið skráð eða um er að ræða handrit sem eru í einkaeigu (Driscoll, 2003: 258). Sú virðist líka vera raunin, því að í nýlegri skrá á vefsíðunni *Stories of all time* hafa allnokkur handrit bæst við þessa tölu, en þar telur Driscoll upp 81 handrit sem innihalda *Göngu-Hrólfs sögu* í heild sinni eða brotum (2012a).

Elstu handrit *Göngu-Hrólfs sögu* eru frá 15. öld, en það eru AM 567 XI 4to, AM 589 f 4to og GKS 2845 4to; það síðastnefnda er talið vera frá miðri 15. öld og er því mögulega elst. Öll þessi handrit eru varðveitt í Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum í Reykjavík. Eitt handrit er frá 16. öld, eða AM 152 1-2 fol., en flest eru handritin frá 17. og 18. öld, eða 24 handrit alls frá 17. öld, og 28 frá 18. öld. Á 19. öld var sagan skráð í 11 ný varðveitt handrit, en auk þess eru tvö handrit enn ekki aldursgreind. Þessi mikli fjöldi handrita bendir til þess að sagan hafi notið umtalsverðra vinsælda, þar sem þau handrit sem mest voru lesin voru þau sem eyddust fyrr upp og því þurfti fyrr að skrifa efni þeirra upp á ný (Driscoll, 2012a).

Auk prósagerðar, er söguefnið til í 4 rímnagerðum. Ein gerðin sem nefnd er *Göngu-Hrólf's rímur* er án höfundar og ártals; þær eru 20 talsins og varðveittar í handritunum Lbs. 2458 4to, ÍB 238 4to og AM 610 4to. Síðan eru til *Rímur af Göngu-Hrólf'i* eftir Jón Helgason frá árinu 1763, sem eru 20 talsins og varðveittar í Lbs. 2937 4to, Lbs. 442 8vo og Lbs. 1161 8vo. Þá eru til *Rímur af Göngu-Hrólf'i* eftir Hjálmar Jónsson í Bólu, sem voru fyrst gefnar út 1884 í Reykjavík og síðan endurútgefnar í ritsafni hans (III. bindi) frá 1949; þær eru jafnframt varðveittar í handritunum Lbs. 704 4to, Lbs. 2735 4to, Lbs. 1502 8vo og svo ÍB 760 8vo (eiginhandarrit). Nánar verður fjallað um rímur Bólu-Hjálmars í kafla 3.2.1. Að lokum eru það *Gaungu-Hrólf's-rímur* eftir Benedikt Gröndal sem fyrst voru gefnar út 1893 í Reykjavík. Nánar verður fjallað um rímur Benedikts í kafla 3.3.1 (Finnur Sigmundsson, 1966: 188-190).

Auk þessara fjögurra rímnaflokka eru uppi vísbendingar um að Ormur „í Gufudal vestra“ hafi ort Göngu-Hrólf's rímur, en þar gæti verið um að ræða Orm Jónsson lögsagnara. Síðan segist Jón Einarsson hafa ort 24 „Hrólf'srímur“ í 5. mansöng Þorgrímsrímna, en þær rímur eru frá 1833 og eru varðveittar í handritinu Lbs. 4435, 8vo. Að lokum er þess getið að Brandþrúður Benónýsdóttir hafi ort rímur af Göngu-Hrólf'i, en eyðilagt þær þegar hún sá rímur Bólu-Hjálmars um sama efni (Finnur Sigmundsson, 1966: 190).

Í næsta kafla verður litið yfir ævi skáldsins Hjálmars Jónssonar frá Bólu, og jafnframt fjallað um helstu verk hans og efnistöð í skáldskap.

3.2 Bólu Hjálmar

Hjálmar Jónsson, oftast kenndur við Bólu, fæddist um haustið árið 1796 á bænum Hallandi á Svalbarðsströnd. Foreldrar hans voru Marsibil Semingsdóttir og Jón Benediktsson, og voru þau lausahjú og bláfátæk en talin vel gefin og hagnæmt. Þegar Hjálmar fæðist var móðir hans heimilislaus einstæðingur og gat ekki framfleytt syni sínum eða sjálfri sér, og því var Hjálmar komið í fóstur hjá Sigríði Jónsdóttur, ekkju á Dálksstöðum. Þar ólst hann upp fyrstu árin og líkaði vel vistin, en sagt er að Hjálmar hafi kunnað afar vel við fóstru sína og nefndi hann tvær dætur sínar eftir henni (Jónas Jónsson, 1942: iv-vii).

Eftir dvölinu á Dálksstöðum fluttist hann með föður sínum og stjúpmodur sinni Valgerði, dóttur Sigríðar á Dálksstöðum, í Eyjafjörð og áttu þau heima á ýmsum bæjum þar. Hjálmar byrjaði snemma að yrkja en sagt er frá því að hann hafi ort sinn fyrsta fyrripart sex ára. Seinna byrjaði hann að yrkja skopvísur um ýmsa nágranna sína í sveitinni og kom loks að því að Hjálmar var kærður fyrir níðvísur og rúnaútskurð, sem þóttu vera galdrastafir, af prestinum. Sýslumaðurinn tók þó létt á Hjálmari fyrir þessar sakir, en eftir málaferlin fluttist hann að heiman. Árið 1820 var hann í vist að Silfrastöðum í Skagafirði, en þar kynntist hann konunni sinni, Guðnýju Ólafsdóttur, en móðir hennar Guðbjörg var móðursystir hans. Þau giftust vorið 1822, þrátt fyrir andstöðu prestsins og sumra fjölskyldumeðlima, meðal annars föður Guðnýjar, enda voru þau systkinabörn (Ibid.: vi-ix).

Hjálmar og Guðný settust fyrst að á bænum Bakka í Öxnadal, en nokkru síðar flytja þau að Nýjabæ í Austurdal. Sú jörð hafði lagst í eyði um nokkurt skeið vegna Móðuharðindanna og því þurftu þau að leggja nokkuð á sig til að reisa þar bú, en þeim vegnaði vel og vænkaðist hagur þeirra á meðan þau bjuggu þar. Að auki lagði Hjálmar stund á tréskurð og gaf það nokkuð af sér í aukatekjur. Fljótt fór þó að bera á deilum milli hans og nágranna hans, sem flestir voru ríkir stórbændur og fer svo að þau hjónin flytja aftur, nú til Uppsala sem var í eigu Guðbjargar tengdamóður hans. Þar gerir Hjálmar sér bústað í hjáleigunni Bólstaðagerði, sem hann gaf síðar heitið Bóla, sem hann er jafnan kenndur við (Ibid.: xi-xiv).

Árið 1838 var Hjálmar sakaður um fjárstuld og matarbirgðir hans gerðar upptækar í kjölfarið. Hann þurfti að standa í erfiðum málaferlum ári síðar, þar sem hann var loks sýknaður af glæpnum. Þetta hafði þó tekið á hjónin og áttu þau erfitt uppdráttar eftir þetta, sér í lagi þar sem Hjálmar var veikur á árunum 1842-43; að lokum lenti hann svo í því áfalli að missa Guðnýju, konu sína, árið 1845. Þessi áföll höfðu mikið minnkað kraft hans og gat hann því ekki haldið áfram bústörfum, nema að litlu leyti. Hann hafði þó einhverjar tekjur af því að semja tækifærisvísur og erfidrápur, auk þess sem hann skar út. Þetta kom þó ekki í veg fyrir það að hann þurfti að lokum að sækja um sveitarstyrk sér til framfærslu, en hann var nærri hálfáttræður þegar það gerðist fyrst. Honum var neitað í fyrstu (Ibid.: xiv-xx), en þá samdi hann hann frægt ljóð, *Umkvörtun*, sem hefst á orðunum:

Eftir fimmtíu ára dvöl
í Akrahrepp, ég má nú deyja
úr sulti, nakleika, kröm og kvöl,
kvein mitt ei heyrir, skal því þegja (Ibid.: xx).

Kvæðið var prentað fyrst á Akureyri og barst því um allt land, en eftir það fékk Hjálmar fé frá ýmsum velvildarmönnum víða um landið, og samdi þá nokkrar vísur til þess að þakka velgjörðarmönnum sínum fyrir góðvildina (Ibid.: xx).

Seinustu árin dvaldist Hjálmar ýmist hjá dóttur sinni eða velvildarmönnum, en undir það síðasta dvaldist hann í Brekku norðan við Víðimýri. Þar bjó Hjálmar þegar hann andaðist 5. ágúst 1875. Þá var hann orðinn nærri heyrnarlaus og sjóndapur. Lík hans var flutt að Miklabæ að hans eigin ósk, svo hann mætti hvílast við hlið konu sinnar (Ibid.: xxi-xxii).

Hjálmar var orðinn sextíu ára þegar hann sá sitt fyrsta ljóð á prenti, en fyrsta ljóðasafn hans *Ljóðmæli* var prentað á Akureyri 1879, eftir dauða hans. Síðan þá hafa birtst þó nokkur kvæðasöfn eins og til dæmis *Kvæði og kviðlingar* árið 1888 og svo að lokum safn verka hans í *Ljóðmæli*, gefið út á árunum 1915-1919. Auk þess var lítil bók með úrvali ljóða hans, *Ljóðmæli*, gefin út 1942, með formála eftir Jónas Jónsson um ævi Hjálmars (Beck, 1950: 68). Síðan þá hafa ritsöfn með verkum hans birst á árunum 1965 og 1975 og núna seinast árið 1996 komu út *Kvæði og kviðlingar*, úrval ljóða hans.

Auk ljóðmæla sinna samdi Hjálmar rímur. Þar er helst að nefna *Göngu-Hrólfis rímur*, sem nánar verður fjallað um í næsta kafla, en auk þess orti hann *Hjaðningarímur*, *Hjálmarskviðu*, *Perrusarrímur*, *Tímarímu hina nýju* og svo *Örvar-Odds rímu*; allar þessar rímur eru prentaðar í ritsafni hans sem var gefið út 1949 í Reykjavík (Finnur Sigmundsson, 1966: 68).

Hjálmar eyddi mestum hluta ævi sinnar á Norðurlandi og ferðaðist lítið; hann fór til dæmis aldrei utan og varð hann því fyrir litlum sem engum erlendum áhrifum í skáldskap sínum. Hjálmar er þó talinn hafa orðið fyrir einhverjum áhrifum frá Jóni Þorlákssyni sem var prestur og mikilvirkt skáld, en hann ólst upp í nágrenni við Jón (Beck, 1950: 65).

Hjálmars er helst minnst fyrir kraftmiklar lýsingar og góða notkun skáldamáls og myndlíkinga. Í ljóðum sínum gagnrýndi hann jafnan samfélag sitt og samferðamenn, en

erfið lífskjör og lífsbaráttan settu mikinn svip á ljóðlist hans. Hann var líka þekktur fyrir mikið skap og samdi hann jafnan niðvísur eða skopvísur við hin ýmsu tækifæri, þegar honum var misboðið, en þær fóru oft illa í þá sem um var ort. Aðrir atburðir í lífi Hjálmars koma líka berlega fram í skáldskap hans, en sérstaklega var fráfall konu hans honum að yrkisefni til fallegra og einlægra ljóða, þar sem hann minnst hennar með söknuði (Páll Valsson, 1996: 245-246).

Eftir dauða Hjálmars kom enn frekar í ljós hversu mikil og fjölbæf verk hans voru, hvort sem um var að ræða skáldverk hans eða útskurðarlist, sem hefur leitt til þess að minningu hans og verkum hefur verið haldið á lofti fram á þennan dag (Páll Valsson, 1996: 248).

Í næsta kafla verður fjallað um *Göngu-Hrólfs rímur* Hjálmars, þar sem meðal annars verður litið á fjölda þeirra, lengd og sérkenni.

3.2.1 Rímur Bólu-Hjálmars

Göngu-Hrólfs rímur voru fyrst gefnar út árið 1949, í útgáfu Finns Sigmundssonar en í þessari ritgerð er notuð ný útgáfa hans frá 1965. Í þeirri útgáfu eru rímurnar prentaðar eftir eiginhandarriti Hjálmars sem er varðveitt á handritadeild Landsbókasafns Íslands - Háskólabókasafns, ÍB 760 8vo, en það er uppskrift tveggja handrita. Fyrri hluti þess er yngri en síðari hlutinn sem hefst á 51. erindi 9. rímu, og er nokkuð samhljóða prentaðri útgáfu frá 1884. Aldursmun handritahlutanna tveggja má sjá á því að á þrem stöðum getur Hjálmar um aldur sinn í handritinu (Finnur Sigmundsson, 1965: 411-412).

Rímurnar eru 22 talsins og ná yfir 196 blaðsíður. Rímnaflokkurinn í heild sinni inniheldur 1853 erindi, og því er um að ræða heilmikið bókmenntaverk. Stysta ríman er 46 erindi, en það er 20. ríma, en sú lengsta, 16. ríma, er 112 erindi. Meðalfjöldi erinda á rímu er 84, en meðalfjöldi mansöngserinda á rímu er um 17 erindi (Hjálmar Jónsson, 1965: 9-205).

Hjálmar notast við marga bragarhætti í rímunum, en venjulega heldur hann sama bragarhættinum út hverja rímu, og þar með talið í mansöng í upphafi rímu.¹

1. ríma: 99 erindi ferskeytt, mansöngur: 12 erindi.
2. ríma: 75 erindi draghent frumstiklað, mansöngur: 13 erindi.
3. ríma: 96 erindi stikluvik, mansöngur: 17 erindi.
4. ríma: 111 erindi braghent, mansöngur: 15 erindi.
5. ríma: 87 erindi stikluvik, mansöngur: 28 erindi.
6. ríma: 70 erindi stuðlafall samrímað mishent, mansöngur: 14 erindi.
7. ríma: 80 erindi stafhent, mansöngur: 18 erindi.
8. ríma: 109 erindi frumhent minna, mansöngur: 15 erindi.
9. ríma: 56 erindi stuðlafall aldýrt, mansöngur: 10 erindi.
10. ríma: 79 erindi hálf samhent, mansöngur: 15 erindi.
11. ríma: 99 erindi baksneitt afvikið, mansöngur: 22 erindi.
12. ríma: 66 erindi úrkast skothent, mansöngur: 7 erindi.
13. ríma: 93 erindi afhent, mansöngur: 19 erindi.
14. ríma: 84 erindi stuðlafall, mansöngur: 19 erindi.
15. ríma: 83 erindi ferskeytt, mansöngur: 18 erindi.
16. ríma: 112 erindi ferskeytt, mansöngur: 20 erindi.
17. ríma: 97 erindi stikluvik, mansöngur: 15 erindi.
18. ríma: 88 erindi samhending aldýr, mansöngur: 12 erindi.
19. ríma: 79 erindi úrkast fráhent, mansöngur: 20 erindi.
20. ríma: 46 erindi ferskeytt hringhent aldýr, mansöngur: 11 erindi.
21. ríma: 64 erindi stafhent þríþættingur minni, mansöngur: 18 erindi.
22. ríma: 80 erindi ferskeytt, mansöngur: 29 erindi.

Hjálmar notar fjölbreytt skáldamál í rímum sínum. Dæmi um heiti og kenningar sem hann notar eru:

¹ Notast er við athugasemdir Finns Sigmundssonar varðandi bragarhætti, en í flestum tilvikum getur Hjálmar sjálfur um þá bragarhætti sem hann notar (1965: 412). Þar sem vantar upplýsingar um bragarhætti eru þeir greindir samkvæmt Bragfræði og háttatali eftir Sveinbjörn Beinteinsson (1985: 1-77).

Heiti:

konungur: hilmir (1. ríma, 13. erindi), dróttinn (1. ríma, 26. erindi) og buðlungur (2. ríma, 15. ríma).

hestur: jór (1. ríma, 26. erindi) og makkadýr (1. ríma, 70. erindi).

kona: fljóð (2. ríma, 43. erindi) og drós (3. ríma, 4. erindi).

Kenningar:

konungur: Yggjar kvon (2. ríma, 64. erindi).

hermaður: sverða Týr (1. ríma, 37. erindi), bauga Týr (2. ríma, 65. erindi) og stála Þór (2. ríma, 69. erindi).

orrusta: él Yggjar (2. ríma, 16. erindi).

kona: djásna þöll (1. ríma, 23. erindi), refla rún (1. ríma, 44. erindi) og kyrtla gná (2. ríma, 11. erindi).

Sumar kenninganna eru frumlegar, en að mörgu leyti er skáldskaparmál Hjálmars (heiti og kenningar) þó hefðbundið. Rímurnar fylgja að mestu leyti söguþræði *Göngu-Hrólfss sögu*, en víkja sums staðar út af honum. Í 4. kafla verður gerður samanburður á ákveðnum atriðum í sögunni og rímum Hjálmars og Benedikts Gröndals, og skoðað hvort efnisleg atriði hafi breyst milli þessara verka, og ef svo er þá að hvaða marki og í hversu miklum mæli.

Í næsta kafla verður fjallað um Benedikt Gröndal, ævi hans og helstu verk hans, ásamt hugðarefnum hans og efnistöfum í skáldskap.

3.3 Benedikt Gröndal

Benedikt fæddist árið 1826 á Bessastöðum á Álftanesi. Faðir hans var Sveinbjörn Egilsson og móðir Helga Benediksdóttir Gröndal. Hann byrjaði snemma að læra latínu og grísku og var kennt af föður sínum, en jafnframt lærði hann skrift og landafræði (Benedikt Gröndal, 1953: 271, 274). Skáldaáhugi Benedikts kom líka fyrst fram á skólaárum hans, en fjögur ljóð voru prentuð eftir hann í *Fjölni* árið 1847, þegar hann var tvítugur (Beck, 1950: 39).

Ári áður hafði hann siglt út til Danmerkur og hóf hann þar nám, en sinnti því lítið. Hann hafði mestan áhuga á klassískum fræðum og skáldskap, auk þess sem náttúrufræði heillaði hann. Hann lauk þó ekki námi. Eftir að hann hætti námi sinnti hann ýmsum smáverkefnum auk skrifa, og til dæmis byrjaði hann á *Ragnarökkri* á dönsku, sem hann lauk þó ekki við (Benedikt Gröndal, 1953: 370, 379, 384, 390).

Árið 1850 sneri Benedikt aftur til Íslands en átti erfitt með að finna sér fasta vinnu, og þar sem honum leiddist heima, eins og hann skrifaði í sjálfsævisögu sinni *Dægradvöl*, lagðist hann í mikla drykkju og „sukk“. Síðan lenti hann í því áfalli að missa föður sinn árið 1852 og móður sína missti hann stuttu seinna. Hann var því sendur aftur til Danmerkur fyrir tilstilli góðra manna (Páll Valsson, 1996: 360).

Benedikt sigldi aftur til Danmerkur árið 1857, en eins og á Íslandi átti hann erfitt með að finna sér eitthvað að gera þar, og hélt ekki áfram námi. Hann kynntist félaganum Djunka (Etienne de Djunkowski) fljótlega eftir komuna, en sá var umboðsmaður páfa í löndum á norðlægum slóðum. Hann heldur með Djunka í ferðalag um Þýskaland og svo enda þeir að lokum í litlu þorpi í Belgíu, Kevelaer. Þar dvelur hann í klaustri og gefst loks friður til að leggja stund á skriftir og þar skrifaði hann mörg sín bestu kvæði, auk þess sem hann fékk hugmyndina að *Heljarlóðaorrustu* (Benedikt Gröndal, 1953: 439, 444-446, 456-457).

Árið 1859 sneri Benedikt aftur til Kaupmannahafnar. Hann lauk við *Heljarlóðaorrustu* og Páll Sveinsson gaf hana út sama ár. Eftir það hélt hann áfram að sinna smáverkefnum og kláraði loks próf og fékk titillinn „candidatus magisterii“ (Benedikt Gröndal, 1953: 458, 461, 472). Eftir það giftist hann Ingigerði Zoega árið 1871 og þau fluttu heim til Íslands 1874, þar sem Benedikt fékk kennarastöðu við Lærða skólann. Honum líkaði lítið kennslan en virtist hafa verið nokkuð hamingjusamur allt þar til Ingigerður féll frá 1881; þá missti hann sig aftur í drykkjuskap og missti kennarastöðuna sökum þess. Auk þess átti hann í útistöðum við ýmsa menn og stóð oft í miklum ritdeilum (Páll Valsson, 1996: 361-362).

Ein þessara deilna kom til vegna þess að Benedikt skrifaði gegn ferðum Íslendinga til Vesturheims og harmaði hann brottför þeirra. Honum var svarað á sumardaginn fyrsta og áleit hann þau skrif vera níð og fleygði þeim strax í eldinn. Síðan að áeggjan manna fór Benedikt í mál við höfundinn og stóðu þau málaferli lengi, sem lauk með því að

höfundurinn þurfti að greiða 400 krónur í sekt. Eftir þetta var Benedikt stefnt og sjálfur þurfti hann að greiða 70 krónur, sem honum þótti mikil hneisa (Benedikt Gröndal, 1953: 538-539).

Árið 1889 var *Náttúrufræðifélagið* stofnað fyrir tilstilli Stefáns Stefánssonar og var Benedikt kosinn formaður þess og gegndi hann því embætti í ellefu ár, eða til 1900. Seinustu æviárin bjó hann í húsi nr. 16 við Vesturgötu í Reykjavík og þar lést hann árið 1907 (Ibid.: 541, 554). Hann hvílir nú í Hólavallakirkjugarði við Suðurgötu við hlið konu sinnar.

Benedikt var á sínum tíma hvað þekktastur fyrir ljóðagerð, en fyrsta bók hans *Örvaroddsdrápa* kom fyrst út 1851, einungis fjórum árum eftir að hann birti fyrst ljóð í *Fjölni*. Í Kaupmannahöfn komu út tvö stutt söfn af ljóðum hans, nefnd *Kvæði*, á árunum 1853 og 1856, auk þess sem ljóð hans birtust í íslenskum dagblöðum og tímaritum. Samansafn ljóða hans, *Kvæðabók*, var gefið út árið 1900 og nokkrum árum síðar, árið 1906 kom út lítið safn ljóða hans, *Dagrún* (Beck, 1950: 39-40). Eins og minnst var á hér að framan kom *Sagan af Heljarlóðaorrustu* út 1859. Árið 1923 var sjálfævisaga skáldsins, *Dægradvöl*, fyrst gefin út, en síðan þá hafa líka komið út heildarsöfn verka hans, árin 1953 og 1981. Auk þess má nefna að *Dægradvöl* og *Sagan af Heljarlóðaorrustu* hafa komið út sem hljóðbækur.

Benedikt var undir miklum áhrifum rómantíkur í ljóðagerð sinni, en fá skáld eru talin hafa tekið boðskap rómantísku stefnunnar um alveldi fegurðarinnar jafn alvarlega og ljóð hans bera vott um. Hann sótti helst innblástur til náttúrunnar, eins og önnur hárómantísk skáld, en ljóð hans endurspeglar helst hreina náttúru sem er algerlega laus við nytjahyggju. Hann fer líka jafnan um víðan völl um náttúruna og oft er eins og hann svífi yfir henni og stundum sækir hann heim aðrar stjörnur og jafnvel himingeiminn (Páll Valsson, 1996: 362-363).

Benedikt átti það til að beita grótesku í verkum sínum, en ein fyrsta sagan sem var skrifuð í þeim stíl á íslensku er *Sagan af Heljarlóðaorrustu*, þar sem hann lýsir orrustunni við Solferino 24. júní 1859. Stefán Jónsson hefur jafnframt bent á að *Göngu-Hrólfs saga* sé ein af áhrifavöldum *Heljarlóðaorrustu* en hann sneri einmitt þeirri sögu í rímur (Matthías V. Sæmundsson, 1996: 570-571), sem nánar verður fjallað um í næsta kafla.

Benedikt átti það til að standa í ritdeilum við menn, en eins og áður var minnst á lenti hann í afdrifaríkum deilum út af skrifum sínum um Vesturfara. Í *Dægradvöl* lýsir hann því líka hversu mikið honum mislíkaði þegar aðrir menn gagnrýndu föður hans, Sveinbjörn Egilsson, og árið 1866 þegar hann svarar gagnrýni vinar síns Konráðs Gíslasonar á verk föður hans, reiðist Konráð og slítur vináttunni. Þetta kom sér afar illa fyrir Benedikt, þar sem hann fékk jafnan einhverja vinnu við orðabókagerð Konráðs (Benedikt Gröndal, 1953: 339, 477).

Líkt og sjá má sat Benedikt ekki alltaf á friðarstóli og með tímanum átti hann sífellt færri og færri vini. Áhugi manna á ljóðum hans hefur farið minnkandi á síðastliðnum árum og áratugum, á meðan samtímamenn hans Matthías Jochumsson og Steingrímur Thorsteinsson njóta enn hylli meðal almennings; fyrir þessu kunna að vera að ýmsar ástæður, sem ekki verður fjallað um hér. Áhugi á prósatexta hans hefur hinsvegar farið vaxandi, enda var hann að ýmsu leyti brautryðjandi skrifa í gróteskum stíl og það eru því frekar þau verk sem halda áfram að vekja athygli (Páll Valsson, 1996: 359).

Í næsta kafla verður fjallað um rímur Bendikts Gröndals um Göngu-Hrólf.

3.3.1 Rímur Benedikts Gröndals

Rímnaflokkurinn kom fyrst út hjá Ísafoldarprentsmiðju árið 1893. Útgáfan sem notast er við í þessari ritgerð er úr ritsafni Benedikts, II. bindi, frá árinu 1951 sem var í umsjá Gils Guðmundssonar. Í þeirri útgáfu eru rímurnar frá 1893 endurprentaðar ásamt formála Benedikts, líkt og fram kemur í skýringum aftast í bindinu.

Í rímnaflokknum eru 48 rímur og nær hann yfir 141 blaðsíðu. Rímnaflokkurinn í heild sinni telur 2017 erindi. Mansöngur allra rímna nema 5. rímu eru 10 erindi, en 11 mansöngserindi eru í 5. rímu. Stystu rímurnar eru 28 erindi, en það eru 32. ríma og 46. ríma; lengsta ríman er 9. ríma sem telur 60 erindi. Meðalfjöldi erinda á rímu eru 42. Af þessu má vera ljóst að hver ríma er mun styttri hjá Benedikt en hver ríma í rímnaflokki Bólu-Hjálmars; hinsvegar eru rímurnar meira en helmingi fleiri í rímnaflokki Benedikts (Benedikt Gröndal, 1951: 327-468).

Benedikt notast við nokkra bragarhætti í rímnaflokknum, en skiptir venjulega um bragarhátt milli rímna; jafnframt heldur hann sama bragarhætti út hverja rímu, þar með talið í mansöng.²

1. ríma 47 erindi ferskeytt, mansöngur: 10 erindi.
2. ríma 43 erindi afhent aukrímað, mansöngur 10 erindi.
3. ríma 48 erindi stafhent, mansöngur: 10 erindi.
4. ríma 41 erindi ferskeytt hringhent, mansöngur: 10 erindi.
5. ríma 49 erindi stuðlafall, mansöngur: 11 erindi.
6. ríma 44 erindi gagaraljód, mansöngur: 10 erindi.
7. ríma 42 erindi langhent, mansöngur: 10 erindi.
8. ríma 49 erindi stuðlafall frárímað mishent, mansöngur: 10 erindi.
9. ríma 60 erindi stikluvik sexþættingur (fylgir ekki ströngustu bragfræðireglum), mansöngur: 10 erindi.
10. ríma 55 erindi ferskeytt, mansöngur: 10 erindi.
11. ríma 35 erindi langhent, mansöngur: 10 erindi.
12. ríma 57 erindi stafhent, mansöngur: 10 erindi.
13. ríma 33 erindi ferskeytt, mansöngur: 10 erindi.
14. ríma 42 erindi stikluvik, mansöngur: 10 erindi.
15. ríma 33 erindi stuðlafall, mansöngur: 10 erindi.
16. ríma 33 erindi langhent, mansöngur: 10 erindi.
17. ríma 44 erindi langhent, mansöngur: 10 erindi.
18. ríma 40 erindi stafhent, mansöngur: 10 erindi.
19. ríma 37 erindi stuðlafall, mansöngur: 10 erindi.
20. ríma 36 erindi langhent samrímað áttstiklað, mansöngur: 10 erindi.
21. ríma 40 erindi afhent aukrímað (fylgir ekki ströngustu bragfræðireglum), mansöngur: 10 erindi.
22. ríma 34 erindi ferskeytt, mansöngur: 10 erindi.
23. ríma 44 erindi stafhent, mansöngur: 10 erindi.

2 Notast er við Bragfræði og háttatal eftir Sveinbjörn Beinteinsson við greiningu bragarháttanna (1985: 1-77). Vert er að taka fram að stundum gætir erfiðleika í greiningu þar sem Benedikt notast ekki alltaf við hefðbundnar bragfræðireglur, heldur segist hann yrkja eftir „náttúrulegri tilfinningu“ (1951: 581).

24. ríma 49 erindi gagaraljóð hringhent, mansöngur: 10 erindi.
25. ríma 38 erindi gagaraljóð, mansöngur: 10 erindi.
26. ríma 40 erindi ferskeytt, mansöngur: 10 erindi.
27. ríma 39 erindi braghent, mansöngur: 10 erindi.
28. ríma 56 erindi langhent, mansöngur: 10 erindi.
29. ríma 49 erindi gagaraljóð, mansöngur: 10 erindi.
30. ríma 38 erindi ferskeytt, mansöngur: 10 erindi.
31. ríma 49 erindi stikluvik, mansöngur: 10 erindi.
32. ríma 28 erindi samhent áttstiklað, mansöngur: 10 erindi.
33. ríma 47 erindi langhent víxlhent skróðhent, mansöngur: 10 erindi.
34. ríma 31 erindi stikluvik, mansöngur: 10 erindi.
35. ríma 34 erindi langhent, mansöngur: 10 erindi.
36. ríma 38 erindi ferskeytt, mansöngur: 10 erindi.
37. ríma 49 erindi stafhent, mansöngur: 10 erindi.
38. ríma 52 erindi braghent skárímað, mansöngur: 10 erindi.
39. ríma 52 erindi ferskeytt, mansöngur: 10 erindi.
40. ríma 42 erindi langhent, mansöngur: 10 erindi.
41. ríma 40 erindi ferskeytt, mansöngur: 10 erindi.
42. ríma 50 erindi langhent samrímað áttstiklað, mansöngur: 10 erindi.
43. ríma 42 erindi ferskeytt, mansöngur: 10 erindi.
44. ríma 33 erindi stikluvik sexstiklað sexþættingur, mansöngur: 10 erindi.
45. ríma 32 erindi skammhent fráhent, mansöngur: 10 erindi.
46. ríma 28 erindi langhent, mansöngur: 10 erindi.
47. ríma 37 erindi gagaraljóð, mansöngur: 10 erindi.
48. ríma 38 erindi gagaraljóð áttstiklað (fylgir ekki ströngustu bragfræðireglum), mansöngur: 10 erindi.

Benedikt notar fjölbreytt skáldamál í rímum sínum, en í skýringum sem fylgja ritsafni verka hans er að finna lista yfir heiti og kenningar sem hann notar. Hér eru dæmi um hvort tveggja:

Heiti:

konungur: öðlingr (1. ríma, 23. erindi), hilmir (1. ríma, 17. erindi), buðlungur (1. ríma, 29. erindi) og siklingur (1. ríma, 35. erindi).

sverð: hjör (5. ríma, 13. erindi).

sól: röðull (9. ríma, 54. erindi).

Óðinn: Herjan (20. ríma, 7. erindi).

kona: blómarós (4. ríma, 3. erindi), svanni (11. ríma, 1. erindi).

feigurðarhugsjón: ideal (12. ríma, 1. erindi).

Kenningar:

valkyrja: darra dís (7. ríma, 42. erindi).

orrusta: darra vengur (21. ríma, 11. erindi).

skáldskapur: Fjölnis vín (1. ríma, 11. erindi), Óðins vín (3. ríma, 3. erindi).

Benedikt notar bæði hefðbundin heiti og kenningar, en jafnframt nokkrar nýjar eins og *ideal*, sem kemur fram í skýringum en þar er birtur listi Benedikts yfir nokkur heiti og kenningar, sem upphaflega birtist í rímnaútgáfu hans frá 1893. Skáldamál Benedikts er þó ekki jafn fyrirferðarmikið og hjá Bólu-Hjálmari, auk þess sem það er einfaldara.

4. Samanburður

Í þessum kafla verður gerður samanburður á texta *Göngu-Hrólf's sögu* og rímnaflokkum Bólu-Hjálmars og Benedikts Gröndals með því markmiði annars vegar að skoða hvaða atriði hafa tekið breytingum við yfirfærsluna frá prósatexta yfir í rímur og hinsvegar hvaða atriði vantar í viðkomandi rímnaflokkum. Þannig er meðal annars hægt að skoða hversu vel rímnaflokkurinn fylgja söguþræði prósatextans og athuga hvort að það sé greinilegur munur á rímnaflokkum þeirra Benedikts og Hjalmar. Í samanburðinum verður einungis lögð áhersla á efnislegan mun en ekki nákvæm textatengsl, endar þjónar það ekki tilgangi rannsóknarinnar.

Samanburður á borð við þann sem nú verður gerður getur sýnt okkur hvað breytist

og hversu mikið, þegar prósatexta er snúið í rímur. Í þessum samanburði verður kannað hvaða breytingar verða á söguþræði þegar textinn er fluttur yfir á annað form. Teknar eru fyrir tvær rímur eftir tvo höfunda, til þess að kanna hvort sérstök höfundareinkenni birtist í rímunum og í hversu miklum mæli.

Rímur þeirra Bólu-Hjálmars og Benedikts Gröndals komu út 1884 og 1893, eins og kom fram í köflum 3.2.1 og 3.3.1, en á þessum tíma voru til tvær prentaðar útgáfur fornaldarsagna, eða útgáfa C.C. Rafns sem kom út á árunum 1829-1830 í Kaupmannahöfn og útgáfa Valdimars Ásmundssonar sem kom út á árunum 1885-1889 í Reykjavík. Útgáfa Rafns er fyrsta útgáfan þar sem *Göngu-Hrólf's saga* er höfð með í útgáfu fornaldarsagna, og er sú útgáfa birt nánast óbreytt í útgáfu Guðna Jónssonar. Því hef ég valið að nota útgáfu Guðna, þar sem aðgengi er auðveldara að henni³ (Guðni Jónsson, 1950: xxiv).

Ekki er hægt að útiloka þann möguleika að Hjálmar og Benedikt hafi notast við prentaða útgáfu sögunnar, en þó má ef til vill telja það jafn líklegt að þeir hafi notast við pappírshandrit af sögunni, ekki síst þar sem prentaðar bækur voru ekki á færi allra á þessum tíma því að bækur kostuðu sitt og voru prentaðar í takmörkuðu upplagi. Af þeim tveim hlýtur Benedikt þó að teljast líklegri til að hafa eignast prentaða útgáfu eða hafa haft aðgang að slíkri útgáfu þar sem hann bjó bæði í Kaupmannahöfn og Reykjavík. Hjálmar, sem kom hinsvegar aldrei til Reykjavíkur og dvaldi mest alla ævi sína á Norðurlandi, er mun ólíklegri til þess að hafa haft aðgang að prentaðri útgáfu og hefur þá þurft að notast við pappírshandrit sögunnar, en erfitt er að segja nokkuð um það á þessu stigi. Fjölmörg pappírshandrit eru til af sögunni, eins og kom fram í kafla 3.1, en það eru handrit sem hafa mögulega verið skrifuð upp eftir eldri pappírs- og skinnhandritum nokkrum sinnum og eru því líklegri til að innihalda skrifaravillur og jafnvel meðvitaðar breytingar á stíl og söguþræði.

Eitt af því sem gæti komið fram við samanburðinn eru vísbendingar um hvaða heimildir skáldin Benedikt og Hjálmar notuðu þegar þeir sneru sögunni yfir í rímur, og jafnframt hvort að það sé greinilegur munur á rímum þeirra eftir því hversu vel þær fylgja söguþræði *Göngu-Hrólf's sögu*.

3 Hér eftir verður vísað í þessa heimild einungis með blaðsíðutali.

4.1 Samanburður prósa og rímnatexta

Fyrsta atriðið sem verður tekið fyrir er uppvöxtur Göngu-Hrólfs. Í *Göngu-Hrólfs sögu* er honum lýst sem miklum manni og svo þungum að hann getur ekki setið hest í heilan dag. Þar kemur líka fram að hann ber aldrei vopn og er sagður bæði meinlaus og gagnslaus. Faðir hans, Sturlaugur, segir orðrétt við hann: „Svá lízt mér á þik sem lítil muni þín afdrif verða. Heyrir meir konu en karlmanni at hafa þvílíkt framferði sem þú hefir“ (174). Síðan leggur Sturlaugur til að hann gerist kotbóndi í einhverjum afdal og að hann búi þar alla sína tíð.

Þetta er upphaf þess að Hrólfur leggur í ferðalag sitt, en af þessari lýsingu má vera ljóst að Hrólfur er ígildi *kolbíts*, þar sem hann í æsku er ekki talinn til mikilla verka og er frekar hændur að móður sinni, og jafnframt talinn kvenlegur. Þessi atriði eru talin gefa það til kynna í miðaldabókmenntum að einstaklingurinn sé *kolbítur*, auk þess sem þeir eru oft seinþroska eða standa ekki undir væntingum sem karlmenn, eins og kemur fram í grein Ásdísar Egilsdóttur, „Kolbítur verður maður“. *Kolbíturinn* þarf því að brjótast undan verndarvæng móður sinnar og sanna sig sem karlmaður með því að leysa ýmis verkefni eða fremja hetjudáðir, en þannig gengur hann inn í hið hefðbundna hlutverk miðaldakarlmanna (2005: 97-98).

Faðir Hrólfs gefur það berlega til kynna í samtali sínu við hann að hann telji hann ekki mikið karlmanni. Viðbrögð Hrólfs eru að hafna þeirri leið sem Sturlaugur leggur til og segist hann í framhaldinu ætla að fara í ferðalag. Hrólfur heitir því jafnframt að koma ekki aftur fyrr en hann ræður jafnstóru ríki og Sturlaugur. Síðan fer hann til Ásu móður sinnar og fær tvær kápur hjá henni. Nokkrum dögum síðar hverfur hann úr konungsríkinu.

Séu rímur Bólu-Hjálmars skoðaðar kemur þetta fram um uppvöxt Hrólfs (sbr.

2. rímu):

64. Kappi snar sá kóngur
klauf oft fæðu hrafni;
öðling son á Yggjar kvon
átti, Hrólfr að nafni.
65. Frægur var og fríðleik bar,

fárna þótti líki.

Dag einn býr sig bauga Týr

burt úr föður ríki.

Síðan er því lýst að Hrólfur fær kápurnar frá föður sínum og fer síðan af stað, eftir að hafa kvatt Sturlaug. Hér eru því engin merki um að Hrólfur hafi verið kolbítur eða að deilur hans við föður hans hafi leitt til þess að hann fer að heiman. Þvert á móti er hann sagður fríðleiksmaður sem þiggur gjafir af föður sínum, áður en í langför er haldið.

Texti Benedikts Gröndals fylgir betur söguþræði prósatextans (sbr. 4. rímu):

19. Þú hefur lengi legið hér,
lætur engi vinna þér,
sýnist drengur dáðlaus mér,
dróttir fengu' ei þynnra ver.

Síðan fylgir ríman prósanum, og Hrólfur fær kápurnar frá móður sinni og heldur síðan af stað í ferð sína. Í þessum rímum þykir Hrólfur því duglítill og ekki góður sonur, auk þess er ýjað að því að hann sé ekki karlmenni með orðunum „þynnra ver“ sem merkir að hann sé *þunnur maður* eða lítið karlmenni. Hrólfur fellur því, eins og honum er lýst í rímum Benedikts, í flokk *kolbíta* að einhverju leyti.

Það kunna að vera ýmsar ástæður fyrir þessum áherslumun; rímnahöfundar þurfa að koma miklu efni fyrir í knöppu formi rímnanna og því óhjákvæmilegt að eitthvað sé skilið út undan þegar sögum er snúið í rímur. Annað sem gæti hugsanlega útskýrt þetta er að kolbítsminnið, sem var vinsælt á miðöldum, sé einfaldlega ekki jafn vinsælt á ritunartíma rímnanna á 19. öld og því ekki lögð jafn mikil áhersla á að hafa það með í persónulýsingu Hrólfs. Þannig er Hrólfur í texta Bólu-Hjálmars strax fullkomin hetja frá upphafi og Hrólfur í texta Benedikts er latur og lítið í hann varið sem karlmenni.

Annar möguleiki á að útskýra þennan mun, og þá sérstaklega rímur Bólu-Hjálmars, er að aukin áhersla hafi færst yfir á hina hreinu hetjuímynd. Göngu-Hrólfur er þannig sýndur sem fullkonnari hetja en *kolbíturinn* sem birtist í prósatextanum og því er þetta

mögulega til marks um að hin hefðbundna hetja verði að vera „fullkomin“ frá upphafi; kolbítsminnið hentar þá mögulega ekki fyrir þá hugsjón.

Í 12. kafla sögunnar hittir Göngu-Hrólfur fyrir einn aðalóvin sinn, Vilhjálmm. Þeir eigast við í bardaga og fer svo að Hrólfur fer þar með sigur af hólmi. Eftir ósigurinn heitir Vilhjálmmur því að fylgja Hrólfri og þjóna honum. Í næsta kafla svíkur Vilhjálmmur þó Hrólf og gerir hann að þjónustumanni sínum í kjölfarið. Þjóðerni Vilhjálms er svo lýst: „Hér er ek ættaðr í Danmörk“ (193).

Bólu-Hjálmmar er jafn fáorður og höfundur prósatextans þegar hann lýsir þjóðerni Vilhjálms (sbr. 5. rímu):

59. Fyrst eg út af Danmörk dró,
djarfur bónda sonur þó.

Benedikt Gröndal leggur mun meiri áherslu á þjóðerni „Valþjófs“, eins og Vilhjálmmur nefnist í texta hans (sbr. 11. rímu):

30. Þyrmdu, Hrólfur, dönskum dóna,
drept'ann ekki, heillin mín!

Þetta er ekki eina atvikið þar sem Benedikt nefnir danskt þjóðerni heldur helgar hann heilu erindi í háttalag þeirra dönsku (12. rímu):

12. Eins og Dönum æ er tamt
um sig gólu hrósið rammt,
drambsamlega dýrfáðar
dynja hanafjaðrirnar.

Hann nefnir líka að höfðinginn sem tekur á móti þeim Hrólfri og Valþjófi sé danskur að þjóðerni, en í prósatexta er ekki minnst á það, þótt ljóst sé að þeir séu á ferð um Danmörku.

Síðan þegar Hrólfur hefur verið tekinn til fanga lætur hann í ljós álit sitt á Valþjófi (sbr. 12. rímu):

23. Þú ert dönskum þrælum af,
þitt er kyn við Jótlandshaf,
aldrei var mér annars von
af þér, fúli skækjusun!

Þarna kemur fram mikil áhersla á þjóðerni og jafnvel þjóðnið, sem hvorki kemur fram í prósa né rímnatexta Bólu-Hjálmars.

Það má leiða líkum að því að þarna sé Benedikt að bæta við upprunalega textann, líklega vegna áhrifa frá samtímalegri þjóðernisstefnu, og ekki er hægt að útiloka að honum hafi verið í nöp við Dani, sem á þessum tíma stjórnðu Íslandi. Þetta er því líklega dæmi um persónulegar skoðanir skáldsins sem lita texta rímnanna. Hugsanlega endurspegla hugmyndir hans viðhorf íslenskra menntamanna á þessum tíma, og að minnsta kosti verður að líta svo á að Benedikt hafi ekki verið einn um að hafa horn í síðu Dana. Dæmi um vaxandi andúd Íslendinga á Dönnum sést meðal annars á deilum Baldvins Einarssonar og Rasmusar Rask árið 1830 út af þýðingu á Jómsvíkinga sögu. Þar kvartaði Baldvin yfir því að vinnu íslenskra stúdenta við þýðinguna væri ekki getið. Þessu fylgdu harðar ritdeilur þar sem undirtónninn var þjóðernislegur en sumir Íslendingar voru orðnir þreyttir á yfirgangi Dana í garð Íslendinga og undirstrikar þetta aukna þjóðernisvitund þeirra (Páll Valsson, 1996: 295).

Ef skoðuð er aftaka Vilhjálms í Danmörku, eftir að hann játar að hafa að ætlað að bana Hrólfi, þá er hann tekin af lífi með eftirfarandi hætti: „... ok var síðan sett ginkefli í kjaft honum ok hengdr á hæsta gálga“ (235). Síðan er bætt við: „... ok var þess ván, at illa mundi illum lúka, þar sem þvílíkr svikari ok morðingi var“ (235). Eftir þetta er ekki hugsað meira um óþokkann heldur fagnar Ingigerður endurkomu Hrólfs, auk þess sem það gleður hana að hann sé orðinn heill, en ekki tveim fótum styttri.

Sé litið á útgáfu Bólu-Hjálmars lýsir hann aftökunni á svipaðan hátt í tveim erindum en bætir síðan við (sbr. 13. rímu):

71. Önd hans færðu árar satans elds í hylinn
við söguna með skömm er skilinn.

Með þessu er búið að bæta við endanleg örlög Vilhjálms, en þau eru að hann endar í helvíti í samlagi við ára satans. Í rímum Benedikts er hinsvegar einungis minnst á aftöku hans (sbr. 31. rímu):

39. Þingi á var þrjótur sá
þungum fenginn bana,
kefli sett í kjaftinn blá,
kræktur síðan gálga á.

Það er því líklegt að Bólu-Hjálmar hafi bætt við endalokum Vilhjálms í helvíti, þar sem einungis er nefnt í prósatextanum að illur myndi ill örlög hljóta. Sannkristinn maður, eins og Hjálmar, gæti því hafa túlkað ill örlög Vilhjálms á þann veg að hann endaði hjá holdgervingi illskunnar, Satan; og eins kemur í ljós síðar er þetta ekki eina dæmið um kristin áhrif í texta Hjálmars.

Í frásögninni af orrustunni í Garðaríki fellur Sturlaugur, faðir Hrólfs, eftir að hafa verið veginn af Grími ægi. Frásögnin er rofin með innskoti höfundar, þar sem hann segir að tvennum sögum fari af dauða Sturlaugs, þar sem sumar bækur haldi því fram að konungurinn hafi orðið sótt dauður heima í Hringaríki, en í sögunni af Göngu-Hrólfí er því haldið fram að Sturlaugur hafi fallið í Garðaríki (251-252). Í rímum Bólu-Hjálmars kemur hið sama innskot fram (sbr. 17. rímu):

30. Þannig setur sagan hér
sjóla Sturlaugs dauða,
hins þó getur, órækt er,
öðlings letrað sögu hver.
31. Að sótt dauður hvíldist hann

heima í ríki sínu,
liðs ótrauðan lista mann
lengi hauður syrgir þann.

Séu rímur Benedikts Gröndals skoðaðar, er einungis minnst á fall Sturlaugs (sbr. 38. rímu):

38. En að föllnum Þórði þaut sem þyti eldur
Ægir upp úr fylgsnum foldar,
falinn áður djúpi moldar.
39. Sturlaug Ægir stýfir þar með stáli sundur;
dó þar illum fyrir fjanda
frægur hilmir Norðurlanda.

Hér vantar því það höfundarinnskot sem er að finna í prósanum og rímum Bólu-Hjálmars. Sá möguleiki er fyrir að hendi að Benedikt hafi fundist innskotið léttvægt – eða einfaldlega flækja söguþráðinn – og því sleppt því. Þá kemur einnig til greina að innskotið hafi vantað í þá heimild sem hann notaði fyrir sínar rímur.

Þegar orrustan hefur geisað í nokkra daga fer Hrólfur að kvöldi til í heimsókn til haugs Hreggviðar. Þar hittir hann fyrir Hreggvið sem kveður við komu Hrólfs:

Göngu-Hrólfs saga:	Bólu-Hjálmur (sbr. 17. rímu)	Benedikt Gröndal (sbr. 39 rímu)
Gleðst Hreggviðr	44.	16.
af góðri för	Gleðst Hreggviður, góðri för	Hilmir sá ei Hrólf, en kvað:
Hrólfs hins hugdjarfa	grams son hingað reisti,	Hug minn þetta gleður,
hingat til landa.	blóðs á miði brýndum hjör	Hrólf að vita hér í stað
Mun rekr sá	bófum ryður hels í kör	hann mót fjendum veður.
ræsis hefna	45.	17.
á Eireki	Stolnu láðir fellir frá	Mun hann hefna mín á þeim,
ok öllum þeim.	fylkir Eirík sterka,	mest það fær mér kæti,

	krýndur dáðum kappinn sá	Grím að vita horfinn heim,
Gleðst Hreggviðr	kóngdóms ráði mun hér ná.	heim að Niflheims sæti.
af Gríms dauða,	46.	18.
Þórðar ok þar með	Sorgin dvínar geðs í grund	Þessir allir þussar hér,
þrjóta lífsstundir.	Gríms af Ægis dauðs,	þeir fyrir Hrólfi falla;
Mun flokkur sjá	hels í þínu flannar fund	drepast mun sá dólga her,
fjanda minna	fyrir Rínar loga þund.	dauðinn tekur alla.
fyrir Hrólfi	47.	19.
hníga verða.	Harmar dvínar hjarta ranns,	Hreggvið gleður, er Hrólfr fær,
	Hrólfis af lukku kjörum,	horskrar Ingigerðar,
Gleðst Hreggviðr,	þá dóttir mín með dyggða krans	víst eg ætla þrautir þær,
þá Hrólfr fær	dýrðleg skín í faðmi hans.	þeirra launa verðar.
ungrar meyjjar,	48.	
Ingigerðar.	Hrólfr gotna högum þá	
Mun Hólmgarði	hér mun lengi stýra,	
hilmir stýra,	veita lotning virðar já,	
Sturlaugs sonr,	verður drottning bauga Gná.	
Standi kvæði (253-254).		

Hér kemur fram spá Hreggviðs fyrir sigrum Hrólfs, þar sem hann fagnar fyrst komu hans og gleðst því að hann skuli stríða gegn Eiríki og öðrum óvinum hans, sér í lagi Grími ægi en hann er nefndur á nafn í bæði prósa- og rímnatextum. Síðan þegar Hrólfr hefur fellt alla, fær hann Ingigerði Hreggviðsdóttur og ríkið með, en þegar hér er komið sögu hafði Ingigerður verið ætluð jarlinum. Það sem vekur athygli hér er hversu lítill munur er á milli prósa og rímna; það munar einungis því hvaða óvinir eru nefndir, en svo dæmi sé tekið þá er Þórður nefndur í kveðskap Hreggviðs í prósatexta en ekki í rímum. Það breytir því ekki að inntakið er það sama milli prósa og rímnanna og hefur því efnið haldist vel.

Á þessu geta verið ýmsar skýringar og mögulega hafa rímnaskáldin talið efnisþáttinn mikilvægan og að ekki bæri að hrólfa við innihaldinu, þótt umbúðunum væri

breytt. Sá möguleiki er fyrir hendi líka að skáldin hafi bæði talið þetta mikilvægt atriði og því breytt því lítið.

Eftir þessa ferð Hrólfs til Hreggviðar hefst orrusta að nýju með miklu mannfalli, en þar eigast meðal annars við þeir Brynjólfur og Stefnir, maður Þórgnýs jarls. Þeir takast á, fyrst með sverðum en síðan með handalögmálum og bitur Brynjólfur Stefni í öxlina, en Stefnir bregst við á þennan hátt: „... ok þreif [hann] hendi í munn Brynjólfs ok reif allt út að eyra. Var hann þá mjök ókyssiligr“ (260). Síðan halda þeir áfram að glíma, og verður Stefnir að hafa varann á svo Brynjólfur bítu hann ekki í andlitið (260).

Ef rímur Bólu-Hjálmars eru skoðaðar er minnst á bardaga Stefnis og Brynjólfs á þennan hátt (sbr. 18. rímu):

30. Stefnir hnúum hálsi að
hrottans nú með afli trað,
öndin skrúfuð strauk af stað,
stefndi flúin hels í bað.
31. Ungur gæða, kappinn knár,
kvalinn mæði, þrúttinn, blár,
ofan á svæðið eins og nár
úlfa fæðir lagðist sár.

Í rímum Benedikts segir öllu ítarlegar af þessari viðureign. Fyrst er sagt frá sverðabardaga þeirra og síðan hvernig Brynjólfur bitur Stefni og þá er því lýst hvernig Stefnir bregst við (sbr. 41. rímu):

24. Fór í gúlinn hönd á hol,
hraustur Stefnir spennti
tröllsins kjaft og bringubol,
bölvað var það handaskol.
25. Kjaftinn reif á hildar hrút,
hristi bófang allan,

þá leit Brynki illa út,
engan þurfti' ann snýtuklút.

Að þessu loknu enda þeir í glímu, líkt og í prósatextanum. Hér er því ljóst að rímur Benedikts fylgja betur söguþræði prósatextans, á meðan Hjálmar er fáorður um viðureign Stefnis og Brynjólfs. Það má líka sjá hliðstæðu í prósanum og rímum Benedikts í orðunum: „Var hann þá mjök ókyssiligr“ og línunum „bölvað var það handaskol“ og „engan þurfti' ann snýtuklút“. Þarna eru dregnar upp mjög skýrar og jafnvel skondnar myndir af ægilegum aðstæðum þegar „kjaftur“ Brynjólfs er rifinn upp. Það má jafnvel segja að Benedikt grípi hér til gróteskra stílbragða á borð við þau sem einkenna *Heljarslóðarorrustu* hans, og þótt vissulega sé hæðst að andstæðingi Hrólfs þegar í prósatextanum, bætir Benedikt um betur með því að breyta hinu virðulega hermannsnafni *Brynju-úlfs* sem hann kallar nú Brynka, sem er auk þess ekki lengur fær um að snýta sér. Helstu einkenni grótesku eru einmitt ýkjur og yfirdrífna lýsingar, auk þess sem lögð er áhersla á líkamann og að aftigna það sem er talið heilagt eða háttsett. Lýsing Benedikts á því þegar „kjaftur“ Brynjólfs er rifinn upp er gott dæmi um yfirdrífna lýsingu sem tengist líkamanum, auk þess sem bardagi með sverðum endar í bitum og handalögmálum, sem má líta á sem ákveðna aftignun á riddaramennsku (Bakhtín, 1968: 303, 312-313).

Ætla má að hin eftirminnilega lýsing á viðureign þeirra Stefnis og Brynjólfs gleymist ekki svo auðveldlega þeim sem lesa söguna, og því er áhugavert að þetta atriði skuli vanta í rímur Hjálmars. Ástæða þessa gæti verið sú að hann hafi sleppt því viljandi, eða ekki talið það mikilvægt enda eru rímur hans styttri en rímur Benedikts, en það munar heilum 164 erindum á milli rímnaflokkanna. Einnig mætti útskýra þetta með heimild Hjálmars sem hafi þá verið fátæklegrí í lýsingum en heimild Benedikts.

Í orrustunni kemur loks að því að Hrólfur og Grímur ægir eigast við. Þeir hörfa úr fylkingunni og Grímur hleypur á Hrólfi þannig að þeir eigast við í glímu. Grímur spýr eitri á Hrólfi en kápan og blaka sem Möndull hafði látið hann hafa bjarga honum. Hann fær meiri hjálp frá Möndli, þar sem hinn síðarnefndi sker á sínar Gríms, á meðan Hrólfur heldur honum. Þá ætlar Grímur að formæla Hrólfi en Möndull hleypur til og stingur kefli í munn

hans, svo hann geti ekki klárað að formæla Hrólfi og drepa hann þannig. Síðan stingur Hrólfur hann í gegn með sverði og síðan segir:

„ ... at hann drafnaði í sundr sem snjór í eldi ok varð að dufti einu. Lét Grímr svá líf sitt með hræðiligum fjörbrotum ok hörðu handakasti, en Hrólfr lá ofan á honum, þar til hann er dauðr“ (263).

Síðan er því lýst í rímum Hjálmars þegar Grímur formælir Hrólfi og Möndul þaggar niður í honum með því að stinga upp í munn hans, sem Hjálmar nefnir „tanna hver“ (18. ríma, 69. erindi). Þá stingur Hrólfur Grím í gegn með sverði og Grímur fellur (sbr. 18. rímu):

72. Fárleg vóru fjörbrot hans,
fold og sjórinna léku dans,
gæfusljór með glæpa fans
Grímur fór til andskotans.
73. Hitti að bragði satan sinn,
sönn fram lagði skilríkin,
en glóðar flagða gramurinn
Grím þá sagði velkominn.

Séu Rímur Benedikts skoðaðar, fylgir hann að mestu leyti sömu atburðarás og prósatextinn og rímur Hjálmars. Möndull notar hér líka kefli til að þagga niður í Grími og síðan leggur Hrólfur hann í gegn. Dauðdaga hans er lýst á eftirfarandi hátt (sbr. 48. rímu):

39. Brast í háum hömrnum,
hvein í náum valföllnum
dugur þá úr dólginum
dauðans lá í fjörbrotum.
40. Grotnaði sundur gæfulaus
galdrahundur eftir raus,
þau við undur hver einn haus

hissa stundi og nærri fraus.

41. Þannig Ægir illur dó,
en hinn frægi Hrólfur þó
þar við hræið horfið bjó
hvergi þægilega nóg.

Hér er lýsingin í bæði prósa- og rímnatextum nokkuð löng og ítarleg og fátt sem ber í milli. Í rímum Bólu-Hjálmars er Grímur þó keflaður með spjóti en ekki kefli, eins og segir í prósatexta og rímum Benedikts, auk þess sem ekki er minnst á að hann verði að dufti í rímum Hjálmars. Meginmunurinn er þó að Hjálmar bætir við lokaörlögum Gríms, en þau eru að hann fer til andskotans og hittir satan sinn, og fær síðan inngöngu í helvíti eftir að hafa lagt fram skilríki sín. Í prósa og rímnatexta Benedikts er ekki minnst á þessi örlög Gríms, þannig að rökrétt virðist vera að gera ráð fyrir að þetta sé viðbót Hjálmars við upprunalega textann. Það sem rennir stoðum undir þá skoðun er að hann hefur áður litað frásögnina með kristilegum blæ, eins og minnst hefur verið á, en Hjálmar tiltók að Vilhjálmur endaði í helvíti. Að auki er líkt og að hann dragi hér úr fornum trúarhugmyndum eða sagnaminnnum sem tengjast fjölkynngi, svo sem að stöðva megi formælingar með kefli, og að hinn yfírnáttúrlegi Grímur ægir verði að dufti við dauða sinn. Þessar breytingar gætu því hafa verið gerðar meðvitað, í þeim tilgangi að laga frásögnina betur að kristnum hugmyndum.

Eftir að orrustunni er lokið og ríkið er unnið geta Hrólfur og menn hans loks gifst unnustum sínum, spá Hreggviðs rætist og Hrólfur kvænist Ingigerði. Því er boðað til mikillar veislu þar sem engu er til sparað. Til dæmis eru bornar fram bestu kræsingar eins og:

„ ... allra handa dýra hold ok fugla, af hreinum ok hjörtum ok vænum villisvínum, gæss ok rjúpur með pipruðum páfuglum. Eigi vantaði þar inn dýrasta drykk, ál ok enskan mjöð með vildasta víni, píment ok klaret“ (276).

Síðan eru hljóðfæraleikarar í brúðkaupinu sem leika á hin ýmsu hljóðfæri og eftir það fer giftingin fram. Veislan stendur í sjö nætur og þar gengur Hrólfur að eiga Ingigerði, en

Stefnir fær Álfhildi sem eiginkonu og Haraldur, sem áður nefndist Hrafn, kvænist Þóru. Í lok lýsingarinnar á brúðkaupinu notast höfundur einkum við lýsingarhátt nútíðar:

„... en hverr til sinna heimkynna farandi, þeira ráð sem ok mikilmennsku lofandi ok allir með vináttu skiljandi“ (277).

Þarna er líklega um að ræða áhrif frá stíl riddarasagna í skrifum höfundar, þar sem lýsingarhátturinn er notaður í miklum mæli. Peter Hallberg hefur fjallað um þennan kafla í grein sinni „Some Aspects of the Fornaldarsögur as a Corpus“ og telur að í þessum kafla megi greina áhrif frá riddarasögum, þar sem bæði yfirdrifnar lýsingar á veisluhöldum hirðarinnar, auk þess sem mikil notkun lýsingarháatts nútíðar er hluti af þessum áhrifum. Hallberg telur að aðstæðurnar kalli á þessi áhrif þar sem lýst er hefðum hirðarinnar, því þessi áhrif er aðallega að finna í þessum kafla (Hallberg, 1982: 30-31).

Séu rímur Bólu-Hjálmars skoðaðar er minnst á veisluhöld í fáum orðum (sbr. 22. rímu):

61. Fögur búin veizla var
velkomanda minni,
drótt í höllu drekkur þar,
dansaði geð og sinni.
62. Ingigerðar eftir bón
og æðstu Þunda skjóma
Hrólfur upp á hilmis trón
hafinn var með sóma.

Skáldið fer því ekki mörgum orðum um veisluhöld og hér eru engar nákvæmar lýsingar á mat og drykk eins og í prósatexta. Ef skoðuð er ríma Benedikts um veisluna eru þar taldir upp gestirnir, og að því búnu er því lýst hvernig Hrólfur situr í hásæti sínu og tekur á móti Ingigerði sem hann tekur sér fyrir konu. Stefnir og Haraldur kvænast Álfhildi og Þóru, líkt og í prósatexta, og stendur veislan í átta daga. Minnst er á borðhald í einu erindi (sbr. 48. rímu):

25. Gígju hljómur hafinn var,
Hrólfí rómað kvæði þar,
hrósað skjóma Hreggviðar,
hátt með óma drápunnar.

Þegar veisluhöldin eru borin saman er ljóst að lýsing Benedikts er nákvæmari og líkari lýsingu prósatextans þótt hún sé ekki jafn íburðarmikil og nákvæm. Hjálmar eyðir einungis tveimur erindum í veisluhöld og því er þetta ekki veigamikið atriði í hans rímum. Að þessu leyti eru rímur Benedikts líkari prósatextanum þegar kemur að þessu atriði, en þó er margt sem ber á milli.

Í hvorugum rímunum er að finna jafnmikil áhrif riddarasagna og í prósatextanum, en slík áhrif er helst að finna í frásögnum sem tengjast hirðhefðum og orðaforðinn er kominn úr riddarasögum sem voru þýddar úr frönsku ásamt öðrum latneskum málum. Þegar prósanum er snúið í rímur er oftast ekki um að ræða þýðingu úr erlendum málum og því er eðlilegt að þessi áhrif riddarasagna minnki (Þorleifur Hauksson, 1994: 260).

Að lokum er vert að minnast á að í orrustunni við Ásatún í Englandi, sem Hrólfur tekur þátt í eftir orrustuna í Garðaríki, kemur fram persóna sem nefnist Annis og minnir um margt á Grím ægi þegar kemur að fjölkynngi (269).

Sami maður er nefndur Anus í rímum Bólu-Hjálmars (21. ríma, 21. erindi) en í rímum Benedikts er hann nefndur Annis, líkt og í sögunni (45. ríma, 11. erindi). Hér notar Hjálmar annað nafn en í prósatexta, og má líklega rekja til þeirra heimilda sem hann hafði fyrir rímunum og þá jafnvel þess að hann hafi stuðst við handrit þar sem rithátturinn Anus var fyrir eða þá að hann hafi sjálfur lesið Annis sem Anus.

4.2 Samantekt samanburðar og niðurstöður

Í þessum kafla verða teknar saman niðurstöður samanburðarins, þær túlkaðar og ályktanir dregnar varðandi yfirfærsluna.

Sé litið til þeirra atriða sem voru tekin fyrir í samanburðinum, eru rímur Benedikts Gröndals oft svipaðar hinum upprunalega prósatexta *Göngu-Hrólfs sögu* auk þess sem texti rímna hans er alla jafna ítarlegri en rímur Hjálmars Jónssonar. Í báðum rímum er eitt dæmi um nafnabreytingu, en það eru persónurnar Vilhjálmur/Valþjófur og Annis/Anus, og eru því rímurnar jafnar hvað það varðar. Benedikt bætir við lýsingu á þjóðerni Valþjófs og er það dæmi um persónulegt innskot hans í upprunalega söguþráðinn. Hjálmar gerir þetta á tveim stöðum, en í rímum hans fara bæði Vilhjálmur og Grímur ægir til helvítis. Eitt atriði er þó að finna í rímum Hjálmars, sem vantar hjá Benedikt, en það er innskot höfundar prósatexta um mismunandi örlög Sturlaugs. Að lokum er Hrólfur fullkomin hetja í upphafi rímna Hjálmars, en í prósatextanum og rímum Benedikts er Hrólfur ígildi kolbits.

Niðurstaða samanburðarins er því sú að rímur Benedikts Gröndals verði að teljast nær upprunalega textanum, sé miðað við útgáfu Guðna Jónssonar á *Göngu-Hrólfs sögu*. Rímurnar eru ítarlegri og fylgja betur þeim atriðum sem nefnd hafa verið, fyrir utan tvö. Þó er ekki þar með tryggt að hann hafi notað prentaðan texta sem heimild, þar sem dæmi er um nafnabreytingu (Vilhjálmur -> Valþjófur) auk þess sem texta hans vantar innskot sem er að finna í prósagerð og rímnatexta Hjálmars. Að vísu gæti hann hafa notast við prentaða útgáfu sem hann hefur breytt á meðvitaðan eða ómeðvitaðan hátt, en einnig gæti hann hafa notað pappírshandrit sem hefur að þessu leyti verið frábrugðið prósatextanum. Líklegra er að Hjálmar hafi notað uppskrift í handriti fyrir sínar rímur, sem varðveitt hefur sum atriði betur en önnur og stendur fjær söguþræði hins prentuða texta, en heimild Benedikts.

Séu breytingarnar skoðaðar út frá ritunartíma rímnanna er mögulegt að túlka þær útfrá mismunandi stöðu og menntun skáldanna Hjálmars og Benedikts. Hjálmar er ómenntaður fyrir utan að vera læs og skrifandi, en sjálfmenntaður í bústörfum, útskurði og þeim skáldskap sem var hefðbundinn fyrir sveitir landsins. Benedikt var hinsvegar formlega menntaður og sigldur til Kaupmannahafnar og annarra Evrópulanda. Hann hefur þekkt hina hefðbundnu rímnahefð eins og Hjálmar, en sökum menntunar sinnar hefur honum verið fært að grípa til nýlegra bókmenntalegra stílbragða í sínum rímum.

Í viðbótum Hjálmars má greina áhrif guðhræðslu og kristinnar trúar sem er líklega eitthvað sem skáldið bætir við. Þetta sýnir líka að Hjálmar var sannkristinn maður og guðhræddur því að viðbæturnar bera ekki vott um að vera háð. Í rímum Benedikts má aftur

á móti greina áhrif þjóðernisstefnu 19. aldar, þegar hann bætir við á nokkrum stöðum upplýsingum um danskt þjóðerni. Auk þess má greina í stíl hans grótesk einkenni sem hann bætir sums staðar við í sínum rímum. Hér um að ræða stílbreytingar sem bera vott um hversu vel lesinn Benedikt hefur verið í erlendum bókmenntum.

Þetta leiðir til þeirrar niðurstöðu að þrátt fyrir mismunandi lengd rímnanna og þar af leiðandi mismun í því hversu vel skáldin fylgja söguþræðinum, þá eru efnislegar breytingar á söguþræði prentaða textans ekki ýkja miklar. Fyrir utan nafnabreytingar og aðrar hefðbundnar breytingar, þá er það helst viðbót skáldanna sem gerir rímurnar frábrugðnar prósatextanum og sýna þann mun sem til var kominn á íslensku samfélagi á 19. öld annarsvegar var það hin hefðbundna sveitamening sem sést í rímum Hjálmars en hinsvegar menning menntamanna í Reykjavík og Kaupmannahöfn. Menntamennirnir voru færir um að nýta sér efni frá eldri tíma en jafnframt bæta við og breyta því með nýjum hugmyndum og stíleinkennum eins og Benedikt gerir í sínum rímum.

Þessi niðurstaða ber einungis vott um þau atriði sem fjallað hefur verið um og tekur þar af leiðandi mið af þeim, en ekki af verkunum í heild sinni. Ef gerður væri nánari samanburður gæti niðurstaðan orðið önnur. Að auki er þessi niðurstaða engan veginn dómur um hvor rímnanna sé vandaðri eða listrænni í notkun bragarháttar og myndmáls, enda var hér sjónum beint að samanburði á söguþræði sögunnar og rímnanna: eins og nefnt var í kafla 3.3.1 er skáldamál flóknara í rímum Hjálmars og meira notað af heitum og kenningum.

4.3 Samanburður á mansöngvum rímna

Í þessum kafla verður gerður samanburður á mansöngvum rímna Benedikts og Hjálmars. Teknir verða fyrir mansöngvar sem sérstaklega skera sig frá hefðbundnum, formúlu-kenndum mansöngvum og gætu þar með varpað ljósi á persónuleika skáldanna.

Hér á eftir fer listi yfir umfjöllunarefni mansöngvanna:

Rímur Bólu-Hjálmars

1. ríma: Skáldskapur og kynning á *Göngu-Hrólfs rímum*.

2. ríma: Fortíðarþrá varðandi kjör skálda áður og persónulegar hugleiðingar.

3. ríma: Ástin og lífið.
4. ríma: Veröldin er vond.
5. ríma: Grísk goð og forlög skáldsins.
6. ríma: Ástin.
7. ríma: Gott og illt.
8. ríma: Lífið er erfitt.
9. ríma: Heilræði: Betra er að segja sögu en þegja.
10. ríma: Konur eru svikular.
11. ríma: Reynsla Hjalmar af fólki.
12. ríma: Fögur fljóð.

Rímur Benedikt Gröndals:

1. ríma: Hið forna lifir enn.
2. ríma: Gömul ljóð og goðin.
3. ríma: Þjóðerniskennd og íslensk tunga.
4. ríma: Rómantik og þjóðerniskennd.
5. ríma: Goðin og skáldskapurinn.
6. ríma: Fortíðarþrá og heimskir menn.
7. ríma: Tíminn og forn skáldskapur.
8. ríma: Víkingar og hernaður þeirra.
9. ríma: Fjallkonan og sjálfstæði.
10. ríma: Ástin og örlögin.
11. ríma: Íslands mey lofuð.
12. ríma: Vitið og notkun þess.

13. ríma: Skáldið er forsmáð af samfélaginu.
14. ríma: Skáldskapur og stétt.
15. ríma: Meyjar og heilræði.
16. ríma: Yfirlit yfir ævi Hjalmar og örlög.
17. ríma: Gleði og leiði.
18. ríma: Persónuleg reynsla Hjalmar.
19. ríma: Heilræði.
20. ríma : Meyjar og fortíðin.
21. ríma: Bólu-Hjalmar fjallar um sinn eigin skáldskap.
22. ríma: Skáldið yrkir um líf sitt, iðni og leti, skuld og skort.
13. ríma: Áminning.
14. ríma: Um konur.
15. ríma: Hetjur og raunir þeirra.
16. ríma: Bragarhættir.
17. ríma: Ráðleggingar.
18. ríma: Hugleiðingar um fornöldina.
19. ríma: Ráðleggingar um hvernig eigi að lifa lífinu og vera hamingjusamur.
20. ríma: Fornöld og engar hetjur lengur til.
21. ríma: Skáldskapurinn og lífið.
22. ríma: Náttúran og maðurinn.
23. ríma: Skáldskapurinn og heimurinn.
24. ríma: Lífið og örlög.

25. ríma: Sögur og lífið.
26. ríma: Hetjan og vonin.
27. ríma: Von og lífið almennt.
28. ríma: Allt er breytingum háð.
29. ríma: Mikilvægi einfalds skáldamáls fyrir skilning almennings.
30. ríma: Lífið og náttúran.
31. ríma: Heilræði: illa fer fyrir vondum.
32. ríma: Orrustur og dauði.
33. ríma: Lífið og dauðinn.
34. ríma: Valkyrjur og Íslendingar í Ameríku.
35. ríma: Heilræði um hvernig á skoða málverk. Talað um að tíminn fossi áfram eins og flóð.
36. ríma: Stríð og friður.
37. ríma: Heilræði: Gort og ágirnd eru ekki góðir hlutir. Betra er að reiða sig á sjálfan sig og guð.
38. ríma: Ameríkuferðir Íslendinga.
39. ríma: Heppni og böll.
40. ríma: Hatur á öllu gömlu gagnrýnt.
41. ríma: Þjóðerni og Ameríka.
42. ríma: Sagan og skáldskapur sveitanna á Íslandi.
43. ríma: Trúin og heiðnar sögur.
44. ríma: Náttúran.
45. ríma: Bragurinn.
46. ríma: Rök fyrir sannleiksgildi sögunnar.
47. ríma: Gamall og nýr arfur; sögunni snúið í rímur.
48. ríma: Skáldskapur.

Þegar efnistösk mansöngvanna í þessum tveim rímnaflokkum eru skoðuð er ljóst að Hjálmar er persónulegri í efnisvali sínu og fjallar meira um málefni sem koma honum við beint. Mansöngvar hans eru allajafna lengri en hjá Benedikt, þar sem stysti mansöngurinn er 7 erindi, en sá lengsti er 29 erindi. Allir mansöngvar Benedikts eru 10 erindi, nema einn sem er 11 erindi en það er mansöngur fimmtu rímu, sem bendir til þess að Benedikt sé kerfisbundnari í mansöngvum sínum en Hjálmar. Mansöngvar Benedikts eru fleiri og fjalla um mismunandi hluti en gegnumgangandi efnistösk eru lífið almennt, heilræði, náttúran og þjóðerni og því sem tengist þjóðmálaumræðum, líkt og brottflutningur Íslendinga til Vesturheims.

Í mansöng annarrar rímu í rímum Hjálmars má finna þekkt umfjöllunarefni skáldsins, en það eru erfiðleikar lífsins og fátæktin sem sífellt eltir hann, en að minnsta kosti 9 mansöngvar fjalla að einhverju leyti um líf skáldsins og erfiðleikana sem það bjó

við. Í mansöngnum byrjar hann á að skýra frá því að áður hafi skáldin fengið laun frá fyrirmönnum, síðan segir svo:

3. Nú vill öldin kosta köld
kvæðum lítið sinna,
segir flest í sultar pest
sé mér betra að vinna.

Síðan beinir hann orðum sínum til konu einnar sem virðist hafa beðið hann um að semja rímuna. Eftir það heldur hann áfram að segja frá lífi sínu og erfiðleikum en ávarpar konuna aftur og fer um hana fögrum orðum. Svipuð þemu er að finna í mörgum öðrum mansöngvum þar sem Hjálmar fjallar um bágar aðstæður og hversu erfitt lífið sé. Mansöngur fjórðu rímu fjallar líka um erfiðleika lífsins en hann endar á þessu erindi:

15. Veröldin er vond og flá svo vís er skaðinn,
súrnar tíðum sýnda gleðin.
Söngur meyja kveðinn.

Áður hafði hann meðal annars talað um að fyrirmenni teldu hann „þý og dusilmenni“ (6. erindi) og að hann hafi verið forsmánaður. Hér gæti hann líka verið að beina spjótum sínum að samtímamönnum sínum, þar sem hann tekur fram að það séu fyrirmenni sem smáni hann en eins og fjallað var um í kafla 3.2, var Hjálmar oft gagnrýninn á nábúa sína og yfirvald í skáldskap sínum.

Hjálmar er persónulegastur í mansöng 16. rímu, en hann byrjar svo:

1. Þegar eg kom í þennan heim
þurfandi og nakinn,
engan bjargar átti seim,
ýmsra í milli hrakinn.
2. Þrengdi að lífi móður mín
megn álaga skóli,

ól mig sorgfull auðar Lín
annars manns í skjóli.

Það áhugaverða við þennan mansöng er að þarna vitnar Hjálmar beint í atburði í lífi sínu, en hann var yfirgefinn af móður sinni og alinn upp af annarri konu, eins og kom fram í kafla 3.2. Síðan fer hann yfir líf sitt og segir hvernig hann kynntist „Synd“ og „Veröld“ sem eru persónugerðar. Síðan kemur „Ógæfa“ og henni fylgir „Örbirgðin“. Þarna birtist trú Hjálmars, sem virðist byggja á forlagatru þar sem fyrirfram ákveðnir hlutir hafa áhrif á líf hans, aðallega til hins verra. Hann virðist því hafa lítil áhrif sjálfur í lífi sínu og á líf sitt, eins og það birtist í þessum mansöng, þótt ekki sé hægt að greina mikla biturð eða reiði út í tiltekna manneskju eða hlut sérstaklega; Hjálmar virðist heldur samþykkja örlög sín og vera sáttur við þau. Mansöngurinn sýnir því vel hversu persónulegur Hjálmar var oft í skáldskap sínum og einlægur.

Mansöngvar Benedikts einkennast meira af hagkvæmni og vilja til að uppfærða, og þannig er minna um mansöngva sem sýna persónulegar tilfinningar, en meira er um að Benedikt láti í ljós skoðanir sínar á ýmsum málefnum. Þannig fjallar til dæmis mansöngur þriðju rímu um tungumálið og hvernig Benedikt lærði það fyrst hjá móður sinni og síðar hjá Snorra Sturlusyni og Arnóri gamla jarlaskáldi. Síðan vísar hann að þeim sem ekki læra málið jafn vel, að hans mati:

7. Álfur þjóðar annars fer
„út á skjön“ að mjaka sér;
eftir dönskum dóna sið
drífur hann oss í „pakkhúsið“.

Í þeirri byggingu, pakkhúsinu, er allt gleymt og jafnvel reimt að hans sögn, og greinilega er þetta ekki æskilegur staður:

9. Lofum dag þá liðinn er,
lífið er ekki búið hér;

danskurinn vill, en drottinn má
dönsku lögum víkja frá.

Að lokum minnst hann svo á það að „Eddu mál“ muni lifa áfram. Þarna tengir Benedikt „vont“ mál við þá sem eru undir dönskum áhrifum, en eins og þegar hefur komið fram var hann ekki mjög hliðhollur Dönum, allavega ekki á þeim tíma sem hann skrifar rímurnar. Þarna má líka sjá umræðu sem tengist þjóðerni, sem ekki er mjög áberandi hjá Hjálvari þar sem nefnir ekki íslenskt þjóðerni á nafn í mansöngvum sínum.

Í mansöng 34. rímu minnst Benedikt fyrst á ferðir Íslendinga til Vesturheims, en eins og fjallað var um í kafla 3.3 skrifaði hann gegn ferðum þeirra. Hér skrifar hann líka á svipuðum nótum:

6. Halda skaltu Fróni frá
fram til Ameríku;
landnemann ef lítur á,
ljóst mun hann þér ráðin tjá.
7. Sannleik tóman segir hann,
sízt þú mátt það efa,
hreinn og frómur heiðursmann,
hvergi neitt sem ljúga kann.

Þetta er ekki eini mansöngurinn sem Benedikt helgar ferðum Vesturheimsfara, því að í mansöng 38. rímu talar hann um það að allt sé talið betra í Ameríku; hann efast þó um sannleiksgildi þessa og harmar það að fólk flýi landið og segir að blöðin beri sögur af ágæti Ameríku. Hann endar þó mansönginn á þessum orðum:

9. Öllu bölva ei samt má í Ameríku,
þó að margra vonin veika
verði stundum þar að skeika.
10. Lagt mun vera lífið þar með líkum hætti,
eins og vér nú þekkjum þetta,

þar kann maður líka' að detta.

Benedikt lýsir svo frekar skoðunum sínum um að tungumálið og þjóðerni sé samtengt í mansöng 41. rímu, þar sem hann minnst líka á Vesturfara sem hann segir hafa þá skoðun að „þjóðernið má fara“ (7. erindi); eftir það telur hann upp nýyrði þeirra sem búa í Ameríku, en það eru flest tökuorð úr ensku. Að lokum óskar hann þó fólki í Ameríku gæfu æ og síð. Benedikt er því nokkuð neikvæður í garð Vesturheims og notar mansöngvana til að opinbera þær skoðanir sínar að velsældin í Vesturheimi sé ýkt upp og að blöðin taki þátt í því. Hann virðist þó ekki vera mjög hatrammur í garð þeirra sem þar búa nú þegar, eins og sést þegar hann óskar þeim gæfu og viðurkennir að ekki sé allt alslæmt í Ameríku. Hann gæti því verið að reyna að hafa áhrif á fólk sem enn býr heima á Íslandi til þess að það flytji ekki burt, og er nokkuð ljóst að þessar skoðanir hans litast af þjóðerniskennd og jafnvel föðurlandsást. Það mætti jafnvel halda því fram að þarna hefði hann í frammi áróður gegn þeim sem hvetja til Vesturferða, en áhugavert er að sjá að Benedikt virðist ekki vera illa við íbúa Ameríku, því hann óskar þeim gæfu og velfarnaðar.

Mansöngvarnir sýna vel helstu skoðanir og áhugamál skáldanna, jafnframt því að sýna muninn á því sem þeir höfðu áhuga á, því þeir eru ólíkir hvað varðar efnistöð og hversu persónulegir þeir eru. Mansöngvarnir gefa okkur því góða mynd af skáldunum sjálfum og varpa ljósi á líf þeirra og staðfesta sumar hugmyndir okkar um þá Bólu-Hjálmar og Benedikt, auk þess sem þeir veita okkur innsýn í þjóðfélagsmál líðandi stundar; þá sérstaklega helstu strauma og hugmyndir sem voru uppi á þessum tíma, ásamt ástandi og lífsskilyrðum í sveitum landsins.

5. Samantekt og niðurstaða

Í þessum kafla verða teknar saman niðurstöður samanburðar á *Göngu-Hrólfis sögu* og tvennum rímum um Göngu-Hrólf eftir þá Hjálmar Jónsson og Benedikt Gröndal og samanburðar á mansöngvum rímnaflokkanna.

Samanburður á prósatextanum og rímum Hjálmars og Benedikts leiddi í ljós að rímur Benedikts eru líkari prentaðri gerð textans en rímur Hjálmars, en þó er munur á efni rímna hans og textanum. Það er því ekki hægt að fullyrða að Benedikt hafi notað prentaðan texta en ekki heldur hægt að útiloka það. Hjálmar hefur hinsvegar líklega notað uppskrift sem er töluvert frábrugðin textanum efnislega séð.

Af samanburðinum má líka draga ályktanir um þá menningarheima sem hafa hvað mest áhrif á skáldin: rímur Hjálmars bera merki þess að þær tilheyri gamalli hefð rímnaskáldskaps og eru mansöngvar hans lengri í erindum talið en mansöngvar Benedikts. Rímur Benedikts bera þess merki að skáldið þekki til erlendra bókmenntahefðar og hann beitir nýstárlegum stílbrögðum á borð við grótesku og háði í rímum sínum. Í rímum hans notar hann ekki jafn mikið af skáldamáli og Hjálmar, en þetta gæti bent til þess að hann hafi einbeitt sér frekar að öðrum atriðum í rímunum.

Þegar mansöngvar rímnanna voru bornir saman, kom í ljós að mansöngvar Hjálmars voru alla jafna persónulegri og fjölluðu frekar um persónuleg mál sem tengdust Hjálmari og ævi hans. Benedikt skrifaði frekar um sínar persónulegu skoðanir í mansöngvum sínum en fjallar jafnframt um margs konar málefni og efnistösk hans eru fjölbreyttari. Það má því læra ýmislegt um skáldin út frá mansöngvum þeirra, og þetta gefur góða mynd af þeim málefnum sem skiptu þau helst máli.

Það er margt sem hægt er að læra af því að bera saman fornaldarsögur og rímur um sama efni, bæði um ferlið þegar sögum er snúið í rímur og svo um skáldin sjálf, sérstaklega með því að skoða efnistösk mansöngva þeirra. Það er því von mín að þessi ritsmíð gagnist þeim sem hafa áhuga á að skoða svipuð atriði eða gera samanburð á fornaldarsagnaefni og rímum tengdu því, því af nógu er að taka.

Heimildaskrá:

- Ármann Jakobsson, Lassen A. og Ney A., 2003. „Inledning“. *Fornaldarsagornas struktur och ideologi: handlingar från ett symposium i Uppsala 31.8–2.9 2001*. Ritstjórar: Ármann Jakobsson, Annette Lassen og Agneta Ney. Uppsala Universitet, Uppsölum.
- Ásdís Egilsdóttir, 2005. „Kolbitur verður maður“. *Miðaldabörn*. Hugvísindastofnun Háskóla Íslands, Reykjavík.
- Bakhtin, M., 1968. *Rabelais and His World*. The M.I.T. Press, Cambridge Massachusetts og London.
- Beck, R., 1950. *History of Icelandic poets 1800–1940*. Cornell University Press, Ithaca.
- Benedikt Gröndal (Sveinbjarnarson), 1951. *Ritsafn* II. Gils Guðmundsson sá um útgáfuna. Ísafoldarprentsmiðja, Reykjavík.
1953. *Ritsafn* IV. Gils Guðmundsson sá um útgáfuna. Ísafoldarprentsmiðja, Reykjavík.
- Björn K. Þórolfsson, 1934. *Rímur fyrir 1600*. Hið íslenska fræðafjelag í Kaupmannahöfn, Kaupmannahöfn.
- Davíð A. Erlingsson, 1996. „Fótaleysi göngumanns“. *Skírnir*, 170. árgangur, bls. 340-356.
- Driscoll, Matthew J., 1997. *The Unwashed Children of Eve*. Hisarlik Press, Enfield Lock.
2003. „Fornaldarsögur Norðurlanda: The stories that wouldn't die“. *Fornaldarsagornas struktur och ideologi: handlingar från ett symposium i Uppsala 31.8–2.9 2001*. Ritstjórar: Ármann Jakobsson, Annette Lassen og Agneta Ney. Uppsala Universitet, Uppsölum.
2012. *The Stories of all time*. Sótt af netinu 7. janúar 2013 af slóðinni: <http://am-dk.net/fasnl/index.php>
- 2012a. *Göngu-Hrólf's saga*. Sótt af netinu 8. janúar 2012 af slóðinni: <http://am-dk.net/fasnl/bibl/bibl.php?sid=802>
- Einar Ól. Sveinsson, 1965. *Ritunartími Íslendingasagna*. Hið íslenska bókmenntafélag.

- Finnur Jónsson, 1905-1912. *Rímnasafn, samling af de ældste islandske rimer* I. bindi. Samfund til udgivelse af gammel nordisk litteratur, Kaupmannahöfn.
- Finnur Jónsson, 1913-1922. *Rímnasafn, samling af de ældste islandske rimer* II. bindi. Samfund til udgivelse af gammel nordisk litteratur, Kaupmannahöfn.
- Finnur Sigmundsson, 1966. *Rímnatal I-II*. Rímnafélagið, Reykjavík.
- Guðni Jónsson, 1950. *Fornaldar sögur Norðurlanda* I. bindi. Íslendingasagnaútgáfan, Reykjavík.
- Göngu-Hrólfs saga*. 1950. Útg. Guðni Jónsson. *Fornaldar sögur Norðurlanda* III. bindi. Íslendingasagnaútgáfan, Reykjavík.
- Hallberg, Peter, 1982. „Some Aspects of the Fornaldarsögur as a Corpus“. *Arkiv för nordisk filologi*, 97. árgangur, bls. 1-35.
- Hermann Pálsson, 1962. *Sagnaskemmtun Íslendinga*. Mál og menning, Reykjavík.
- Hjálmar Jónsson frá Bólu, 1965. *Ritsafn II: Rímur*. Finnur Sigmundsson sá um útgáfuna. Ísafoldarprentsmiðja, Reykjavík.
- Jorgensen, Peter A., 1990. „The neglected genre of rímur-derived prose and post-reformation Jónatas saga“. *Gripla*, 7. árgangur.
- Jónas Jónsson, 1942. *Hjálmar Jónsson frá Bólu: Ljóðmæli*. Bókaútgáfa Menningarsjóðs, Reykjavík.
- Kalinke, Marianne E., 1990. *Bridal-Quest Romance in Medieval Iceland*. Islandica XLVI, Cornell University Press, Ithaca og London.
- Kuhn, Hans, 2006. „Þórður hreða in Saga and Rímur“. *The fantastic in Old Norse/Icelandic literature: Sagas and the British isles* 1. Ritstjórar: John Mckinnell, David Ashurst and Donata Kick. The Centre for Medieval and Renaissance Studies, Durham.
- Lassen, Annette og fl., 2012. „Introduction“. *The Legendary Sagas: origins and development*. University of Iceland Press, Reykjavík.
- Martin, John D., 1998. „Hreggvidr's revenge“. *Scandinavian Studies*, 70. árgangur, bls. 313-324.
- Matthías V. Sæmundsson, 1996. „VI. Sagnagerð frá upplýsingu til raunsæis“. *Íslensk bókmenntasaga* 3. Ritstjóri: Halldór Guðmundsson. Mál og menning, Reykjavík.
- Páll Valsson, 1996. „III. Íslensk endurreisn“. *Íslensk bókmenntasaga* 3. Ritstjóri: Halldór Guðmundsson. Mál og menning, Reykjavík.

- Sigurður Jón Ólafsson, 2009. Að brynna fola í vinkeldu: Um erótík í fornaldar- og riddarasögum. Óprentuð BA ritgerð í íslensku. Háskóli Íslands.
- Sveinbjörn Beinteinsson, 1985. *Bragfræði og háttatal*. Hörpuútgáfan, Akranesi.
- Sverrir Tómasson, 2005. „Hlutverk rímna í íslensku samfélagi á síðari hluta miðalda“. *Ritið* 3/2005, bls. 77-94.
- Torfi H. Tulinius, 1993. „III. Kynjasögur úr fortíð og framandi löndum“. *Íslensk bókmenntasaga II*. Ritstjóri: Vésteinn Ólason. Mál og menning, Reykjavík.
- Úlfhams saga*, 2001. Aðalheiður Guðmundsdóttir sá um útgáfuna og ritaði inngang. Stofnun Árna Magnússonar, Reykjavík.
- Vésteinn Ólason, 1993. „V. Kveðskapur frá síðmiðöldum“. *Íslensk bókmenntasaga II*. Ritstjóri: Vésteinn Ólason. Mál og menning, Reykjavík.
- Þorleifur Hauksson, 1994. *Íslensk stílfærði*. Mál og menning, Reykjavík.